SAMEYKI

Tímarit Sameykis / **4. tbl. 2024** / sameyki.is

Niðurskurður er í erfðamengi kapítalismans

Prófessor í hagfræði og lektor við The New School for Social Research í New York, Clara E. Mattei ræðir um niðurskurðarstefnuna og áhrif hennar á samfélög. „Niðurskurður sýnir mjög greinilega að það er engin sjálfvirkni á svokölluðum mörkuðum, heldur hvernig ríki og kapítalísk kerfi móta samfélagið á virkan hátt með þeim hætti að það er í raun aðeins hagstætt fyrir fjármagnseigendur en skaðlegt fyrir launafólk og almenning."

>> Bls. 20-25

X við einstaklingshyggju eða samstöðu?

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, skrifar: „Flestir stjórnmálaflokkar hafa tekið undir að við séum í innviðaskuld, þ.e. að styrkja þurfi við stöðu þessara mikilvægu stofnana í velferðarkerfinu. Engu að síður einkennist stjórnmálaumræða gjarnan af mýtunni um að eina leiðin til að bregðast við verðbólgunni sé með niðurskurði."

>> Bls. 10-11

Allir hópar jafn mikilvægir innan Sameykis

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir tók við formennsku hjá Sameyki 11. október síðastliðinn. Hún segir í viðtali að hún ætli að beita sér fyrir samstarfi og samstöðu.

„Við stöndum frammi fyrir því að það þarf að berjast fyrir jöfnuði. Augljósasta leiðin til að jafna kjörin er að þeir hópar launafólks sem eru á lægstu launum í okkar samfélagi greiði lægri skatta, og þeir sem hafa hæstu launin greiði meira til samfélagsins."

>> Bls. 6-9

Stjórnvöld hafa brugðist venjulegu vinnandi fólki á Íslandi

Þórður Snær Júlíusson, fyrrv. ritstjóri skrifar um efnahagsmál og segir: „Ríkisstjórn síðustu ára hefur ráðist í ófjármagnaðar skattalækkanir sem gagnast fyrst og fremst breiðu bökunum. Fyrir vikið hafa tekjur ríkissjóðs ekki dugað fyrir útgjöldum árum saman og velferðarkerfin hafa verið fjársvelt."

>> Bls. 14-15

SAMEYKI

Indriði H. Þorláksson Niðurskurðarstefnan **Forystumenn stjórnmálaflokkanna** tjá sig um opinbera grunnþjónustu **Stoppað í matargatið** Súkkulaðimús með franskættaðri vanillusósu **Stofnun ársins** Mannauðskönnunin er hafin **Nýtt upphaf** Formaður Sameykis skrifar um efnahagsmál **Saman að sjálfbærni** Sérfræðingar skrifa um hagfræði og jafnrétti **Háskóladeild Sameykis** Kraftur í Háskóladeild með nýrri stjórn **Krossgátur**

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmaður
Ingibjörg Sif Sigríðardóttir

Ritstjóri
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar
Axel Jón Ellenarson
Haraldur Jónasson
Heiður Margrét Björnsdóttir
Herdís Sólborg Haraldsdóttir
Indriði H. Þorláksson
Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Þórður Snær Júlíusson

Prófarkalestur
Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðumynd
Ingibjörg Sif Sigríðardóttir. Ljósmyndina tók Birgir Ísleifur Gunnarsson/BIG.

EFNISYFIRLIT

6 Allir hópar jafn mikilvægir innan Sameykis
10 X við einstaklingshyggju eða samstöðu?
13 Mannauðskönnunin Stofnun ársins er hafin
14 Stjórnvöld hafa brugðist venjulegu vinnandi fólki á Íslandi
16 Saman að sjálfbærni
18 Af vettvangi Sameykis
19 Skop Halldórs Baldussonar
21 Niðurskurður er í erfðamengi kapítalismans
26 Niðurskurðarstefnan og viðtal við Clöru Mattei
29 Forystumenn stjórnmálaflokkanna
36 Súkkulaðimús með franskættaðri vanillusósu
38 Vinningshafi krossgátunnar og lausnir
39 Krossgáta

Skrifstofa Sameykis
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík.
Opið mán.-fim. 9:00-15:00
og fös. 9:00-13:00.
Sími: 525 8330.

Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

Prentun
Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.

Nýtt upphaf

Nú er þetta ár senn á enda. Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Sameyki það sem af er; kjarasamningar við okkar stærstu viðsemjendur – ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga í júní síðastliðnum og samþykktir af félagsfólki í atkvæðagreiðslu í kjölfarið. Vinna stendur yfir að ganga frá þeim kjarasamningum sem eftir eru og vinna við stofnanasamninga er í fullum gangi.

Meginforsendur kjarasamninganna sem undirritaðir voru snemmsumars eru að ríkisstjórnin nái tökum á stjórn efnahagsmála; að stuðla að því að minnka verðbólgu og lækkun vaxta sem er mikið hagsmunamál alls launafólks á vinnumarkaði. Einnig er markmið kjarasamninganna að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu og draga úr verðbólguvæntingum.

Verkalýðshreyfingin hefur verið mikilvægasta afl umbóta og breytinga á Íslandi, og við megum ekki missa sjónar á því hlutverki okkar í verkalýðshreyfingunni að vera umbótaafl í samfélaginu. Misskipting þjóðarauðsins hefur skapað fámenna og ofurríka yfirstétt sem lagt hefur drög að lénskerfi í landinu. Það blasir við að stjórnmálaöflin hafa skapað þessa stöðu ójöfnuðar. Með samstöðu verkalýðshreyfingarinnar og upplýstri umræðu um þetta kerfi og efnahagsstefnu sem við höfum búið við er hægt að snúa af þessari óheillaleið. Það er mikið í húfi fyrir allan almenning í landinu að við jöfnum skiptingu þjóðarauðsins.

Tímaritið er að þessu sinni tileinkað efnahagsmálum.

Á síðum þess er fjallað um efnahagsmál, launafólk og samfélag, hvernig hægt er að breyta og snúa við stöðunni með samtakamætti. Clara Mattei, prófessor í hagfræði, er í viðtali í tímaritinu og fjallar um kapítalismann og áhrif þeirrar stefnu á launafólk og allan almenning. Hún segir þetta alls ekki tapaða baráttu fyrir almenning, að snúa af leið niðurskurðarstefnunnar sem íslensk stjórnvöld hafa innleitt, og segir stjórnmálaleiðtoga sem aðhyllast þessa stefnu niðurskurðar hrædda við að almenningur krefjist breytinga. Hún segir í viðtalinu: „Reyndar eru leiðtogarnir í þessu kapítalíska kerfi hræddir við að tapa þessari baráttu. Í þessu sambandi skipta tölur máli og þegar þú skoðar þá staðreynd að meirihluti íbúa heimsins er algjörlega kúgaður af kapítalísku kerfi og almenningur þarf að rísa upp og benda á að þetta sé hvorki náttúrulegt né heilagt kerfi, heldur bara tiltekið kerfi sem við erum í, þá getum við breytt því saman.“

Ég vona að orð hennar veki upp von og baráttuhug til að breyta því hvernig við viljum fara með stjórn efnahagsmála og blása okkur byr í brjóst til að krefjast nauðsynlegra breytinga. Formenn stjórnmálaflokkanna skrifa í tímaritið um velferðarkerfið okkar, almannaþjónustuna og opinber störf. Þar kemur margt fram um hvaða leið við getum valið okkur til framtíðar.

Viljum við nýtt upphaf eða viljum meira af því gamla?

Ég vil að lokum óska félagsfólki í Sameyki og fjölskyldum þeirra gleðilegrar komandi hátíðar með ósk um bjarta framtíð. ■

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir
Formaður Sameykis

Stofnun ársins 2024

Taktu þátt í vali á Stofnun ársins

Stofnun ársins er viðamikil mannauðs- og starfsumhverfiskönnun. Tilgangur hennar er að styrkja mannauðsmál og starfsumhverfi starfsfólks í almannaþjónustu. Niðurstöður hennar veita ítarlegar upplýsingar um styrkleika og áskoranir í starfsumhverfinu sem nýta má til umbótastarfs á vinnustaðnum.

Hægt er að svara könnuninni inni á Mínum síðum á **sameyki.is**

SAMEYKI

Sameyki

Kári Sigurðsson nýr varaformaður Sameykis

Stjórn Sameykis kaus á stjórnarfundi, sem fram fór 23. október, Kára Sigurðsson sem varaformann Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu samkvæmt lögum félagsins.

Kári er reynslumikill og öflugur í félagsmálum og hefur setið í stjórn félagsins frá því snemma á árinu 2020. Áður en hann settist í stjórn Sameykis var hann trúnaðarmaður á sínum vinnustað hjá Reykjavíkurborg. Hann hóf að starfa við félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti fyrir 17 árum, fyrst í hlutastarfi í Félagsmiðstöðinni 111 og síðan í Félagsmiðstöðinni við Hólmasel frá því 2008 í fullu starfi.

Í dag starfar Kári sem verkefnastjóri forvarna hjá Reykjavíkurborg og hefur hann umsjón með starfi Flotans sem er flakkandi félagsmiðstöð sem sinnir vettvangsstarfi utan opnunartíma félagsmiðstöðvanna. ■

Kári Sigurðsson, varaformaður Sameykis.

Jólaball Sameykis haldið 1. desember

Jólaball Sameykis verður haldið fyrir félagsfólk og börn þeirra í Gullhömrum í Grafarholti sunnudaginn 1. desember kl. 14:00. Verð fyrir hvern miða er kr. 1.000 og félagsfólk getur keypt allt að 10 miða fyrir sig og sína að hámarki.

Jólasveinar ganga um gólf með gilda stafi í hendi og syngja jólasöngva og dansa með fólki í kringum jólatréð. Glaðningur verður handa börnunum og kaffi og með því fyrir fullorðna fólkið.

Síðasti dagur til að kaupa miða er miðvikudagurinn 27. nóvember á Orlofshúsavef Sameykis, orlof.is/sameyki.

Hlökkum til að sjá ykkur! ■

Breytingar á bókunum orlofshúsa félagsins

Rétt er að árétta að breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi varðandi bókanir á orlofshúsum og íbúðum Sameykis. Undanfarin ár hefur verið opnað fyrir leigu einn mánuð í einu, 5 mánuði fram í tímann innanlands og 6 mánuði fram í tímann erlendis. Þessu fyrirkomulagi var hætt í vor og var þá opnað fyrir leigu á vetrartíma í tvennu lagi.

Tímabil haust/vetur
Opnað var fyrir tímabilið 23. ágúst til og með áramótunum 2. janúar 2024–2025, 15. maí sl.

Tímabil vetur/vor
Opnað var fyrir tímabilið 2. janúar 2025 fram að byrjun sumars 2025 þann 5. september sl.

Hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir meðal félagsfólks í Sameyki og reiknað er með að þetta fyrirkomulag á bókunum á orlofshúsum félagsins sé komið til að vera. ■

Umsóknir í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis

Afgreiðsla styrkja til félagsfólks í desember. Til að fá afgreiddan styrk fyrir lok desember þá verða allar umsóknir að berast í síðasta lagi 16. desember n.k. Félagsfólk Sameykis getur sótt um styrki vegna fræðslu og heilsueflingar og einnig sjúkradagpeninga.

Kynntu þér úthlutunarreglur á vef Sameykis. Athugið að sótt er um styrki á Mínum síðum. Styrkir eru afgreiddir að því gefnu að öll gögn hafi borist.

Payment of grants to members in December. To receive the grant before the end of December, all applications must be submitted by December 16 at the latest. Members of Sameyki can apply for grants for education,various health programs and preventive measures such as gym membership, cancer screening etc. and also for sickness benefits. Learn about the allocation rules on Sameyki's website. Please note that grants are applied for on My pages. Grants are processed when required documents have been received. ■

Stuðningsyfirlýsing við baráttu kennara

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu styður kennara í kjarabaráttu þeirra við Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkið með eftirfarandi yfirlýsingu.

Yfirlýsing stjórnar Sameykis
Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu lýsir yfir stuðningi við kennara í réttinda- og kjarabaráttu þeirra. Leiðrétta þarf laun kvennastétta sem starfa í skólum og leikskólum landsins. Rannsóknir hafa sýnt að kennarastéttin er vanmetin í launum á vinnumarkaðnum og stærsta stökkið til að eyða launamun kynjanna er að leiðrétta laun kennara.

Stjórn Sameykis telur að nauðsynlegt sé að launafólk standi með öðru launafólki í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum á vinnumarkaði, einkum kvennastétta þar sem nauðsynlegt er að launamunur kynjanna verði upprættur. ■

Leitað er eftir konum til að taka þátt í vinnumarkaðsrannsókn

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri óska eftir kvenkyns viðmælendum í vinnumarkaðsrannsókn sem ber yfirskriftina Verkakonur, vellíðan og velferðarkerfið, til að öðlast skilning á hvernig ólíkir þættir eins og samræming fjölskyldu- og atvinnulífs, félagsleg tengsl og vellíðan tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu og jafnframt að auka skilning á þeirri reynslu sem lágtekjukonur hafa af velferðarkerfinu og mögulegum áhrifum þess á félagslegt misrétti. Farið verður með allar upplýsingar sem fram koma í viðtölunum sem trúnaðarmál. Við birtingu gagna úr rannsókninni verður ekki hægt að rekja neinar upplýsingar til einstakra þátttakenda. Þátttakendum er frjálst að hafna þátttöku eða hætta við þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án útskýringa eða afleiðinga.

Hafir þú áhuga á að taka þátt þá er hægt að senda tölvupóst á netfangið konur@unak.is. ■

Allir hópar jafn mikilvægir innan Sameykis

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir tók við formennsku hjá Sameyki 11. október síðastliðinn í kjölfar ágreinings milli formanns og stjórnar Sameykis um áherslur og stefnu í verkefnum þess, en eins og kunnugt er náði fyrrum formaður félagsins, Þórarinn Eyfjörð, ekki kosningu sem fyrsti varaformaður BSRB á 47. þingi þess sem haldið var í byrjun októbermánaðar. Ingibjörg Sif var áður varaformaður Sameykis frá apríl 2021 og hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun þess árið 2019, áður StRv frá árinu 2014. Samkvæmt lögum félagsins er kosið til formanns og í stjórn á þriggja ára fresti, næst í mars 2027. Aðrar breytingar í stjórn Sameykis urðu þegar Kári Sigurðsson var kosinn af stjórn sem varaformaður félagsins í stað Ingibjargar Sifjar.

Hver dagur upphaf að einhverju nýju og skemmtilegu

Rétt er að spyrja nýjan formann félagsins fyrst að því hvernig henni hafi gengið að takast á við þetta nýja hlutverk í stóru stéttarfélagi?

„Þetta hefur verið mikil áskorun en ég kem svo að segja úr frekar formföstu starfi sem bókari hjá Orkuveitu Reykjavíkur en þar hef ég starfað í rúm 32 ár og því er starf formanns mjög frábrugðið því sem ég hef áður fengist við í störfum mínum. Hins vegar hef ég fengið góða innsýn í rekstur félagsins því ég hef verið varaformaður í Sameyki frá 2021 og þar áður í stjórn félagsins. Þannig að frá þeim sjónarhóli þekki ég félagið og hvernig það starfar vel. Dagarnir eru fjölbreyttir og stundum veit maður ekki hvað dagurinn sem hefst snemma ber í skauti sér, en oftast eitthvað nýtt og skemmtilegt. Á hinn bóginn er þetta mjög fjölbreytt og lifandi starf að vera formaður í þessu frábæra félagi sem Sameyki er. Enginn dagur er eins, mikið er af fjölbreyttum verkefnum, samtölum, hitta félagsfólk og síðast en ekki síst að setja mig inn í samstarfið á ólíkum vettvangi stéttarfélagsins; viðsemjendur okkar, innra starf félagsins sem er fjölbreytt, kjarasamninga og stofnanasamninga, orlofsmál, og svo mætti lengi telja,“ segir Ingibjörg Sif brosandi.

Spurð hvort henni þyki starf formannsins eiga vel við sig, svarar hún að það sé fyrst og fremst gefandi þó að það sé krefjandi að setja sig inn í formannsstarfið á eins skömmum tíma og raun ber vitni.

„Það er aldrei leiðinlegt hér,“ segir hún og hlær. „Ég held að það sé gott að fá smá sting í magann þegar maður veit ekki endilega hvert förinni er heitið þegar breytingarnar ber brátt að. En áskorunin er góð og það er gott að stíga aðeins út fyrir þann ramma sem ég áður lifði í og er kippt úr honum fyrirvaralaust má segja. Starfsfólkið hjá Sameyki hefur verið mér ómetanlegt. Ég stökk ekki út í óvissuna því starfsfólkið hefur upplýst mig og hjálpað mér að komast mjög hratt inn í verkefnin. Þvílíkur fjársjóður verð ég að segja.“

„Ég held að það sé gott að fá smá sting í magann þegar maður veit ekki endilega hvert förinni er heitið þegar breytingarnar ber brátt að.“

Samstarf BSRB er Sameyki mikilvægt og nauðsynlegt

Tölum um BSRB og samvinnuna við bandalagið. Er samvinnan við bandalagið í tengslum við verkalýðsbaráttuna og verkalýðspólitíkina mikilvæg fyrir félagið?

„Já, það er mjög mikilvægt að innan okkar raða séu náin tengsl og samvinna. Þannig náum við bestum árangri. Við getum ekki hugsað okkur að tilheyra ekki þeim krafti sem felst í samstöðunni innan bandalagsins. Ég á við, að við gerum ekkert ein þó að Sameyki sé stærsta stéttarfélagið innan bandalagsins. BSRB heldur á mikilvægum málum í baráttu opinberra starfsmanna fyrir bættum kjörum og ýmsum réttindum sem hafa áunnist. Samstarfið er okkur öllum mikilvægt, bæði okkur og öðrum stéttarfélögum innan bandalagsins. Þó að við höfum ekki náð kosningu 1. varaformanns BSRB á þingi þess í október eigum við fulltrúa í stjórn bandalagsins, og erum við partur af stjórn BSRB og tökum fullan þátt í því samstarfi áfram.

“

Almennt séð hafa kvennastéttir átt undir högg að sækja og við verðum að opna augu okkar fyrir þeim staðreyndum. Réttindi kvenna hafa oftar en ekki setið á hakanum og kynbundinn launamunur er mikið óréttlæti á vinnumarkaði, að kvennastörf séu ekki metin til jafns á við karlastörf er rangindi, sama á við um kvenréttindi sem hafa verið sniðgengin.

Þetta er baráttumál okkar; að hafa áhrif og gagnrýna ákvarðanir og stefnu stjórnvalda sem skaðar launafólk og leggja til aðrar leiðir í stjórn efnahagsmála.

Sameiginlegir hagsmunir Sameykis innan BSRB, t.d. að gæta hagsmuna okkar félagsmanna, eru hluti af sameiginlegri vegferð aðildarfélaganna að berjast áfram fyrir réttindum og kjarabótum félagsfólks sem starfar í grunnþjónustunni, oftar en ekki stórir láglaunahópar kvenna. Við verðum að berjast áfram og styrkja kvennastéttirnar sem starfa hjá Reykjavíkurborg og ríkinu. Það er okkar frumskylda að bæta kjör þessara hópa sem starfa í almannaþjónustunni og allir landsmenn vilja njóta.“

> “
>
> Ég mun beita mér fyrir samstarfi og samstöðu í baráttunni fyrir betri kjörum og að verja áunnin réttindi, sérstaklega hjá þeim hópum sem eru á lægstu launum, ekki bara bættum kjörum heldur réttum kjörum. Í þessu sambandi skiptir máli að beita sér í verkalýðspólitíkinni, hvernig við skiptum auðnum með réttlátum hætti því launafólk skapar verðmætin.

Réttindi kvenna sniðgengin

„Almennt séð hafa kvennastéttir átt undir högg að sækja og við verðum að opna augu okkar fyrir þeim staðreyndum. Réttindi kvenna hafa oftar en ekki setið á hakanum og kynbundinn launamunur er mikið óréttlæti á vinnumarkaði, að kvennastörf séu ekki metin til jafns á við karlastörf er rangindi, sama á við um kvenréttindi sem hafa verið sniðgengin. Ég vil líka nefna ungar konur í láglaunastörfum. Þeirra möguleikar eru einhvern veginn alltaf verri, það er alltaf erfiðara fyrir þær að afla sér menntunar, njóta velgengni í starfi, hafa sömu réttindi og karlar, og njóta sömu tækifæra og þeir. Þetta er ekki gott, ekki eðlilegt og verður að breytast. Við getum það með samstarfi og samvinnu.“

„BSRB er búið að ávinna sér þessa rödd kvenréttinda og jöfnuðar. Bandalagið hefur gengið lengst í að tala máli kvenna á vinnumarkaðnum, talað máli kvenréttinda og fyrir virðismati kvennastarfa. Það er hlustað á rödd BSRB úti í samfélaginu og hjá stjórnvöldum.“

Hvaða hlutverki finnst þér Sameyki þjóna í þessu sambandi?

„BSRB er búið að ávinna sér þessa rödd kvenréttinda og jöfnuðar. Bandalagið hefur gengið lengst í að tala máli kvenna á vinnumarkaðnum, talað máli kvenréttinda og fyrir virðismati kvennastarfa. Það er hlustað á rödd BSRB úti í samfélaginu og hjá stjórnvöldum. Ég vil nefna Kvennaverkfallið í fyrra. Þar náðist þessi mikla samstaða og samhljómur í samfélaginu. Þátttakan sýndi að samstaða kvenna er sterkt afl og konur hafa valdeflst í þessari baráttu sem við erum að tala um. Ég er stolt af því að Sameyki á rödd innan BSRB í þessari baráttu – því má ekki gleyma að meirihluti alls félagsfólks í Sameyki eru konur,“ segir hún og merkja má að hún finni til hjartans.

Hún segir að það skipti máli að konur séu í forystu í verkalýðshreyfingunni, og einnig gott að sjá konur leiða stjórnmálaflokkana en líka að í stjórnmálabaráttuna séu nú komnir fulltrúar úr verkalýðshreyfingunni sem spennandi verður að fylgjast með í komandi kosningum. Það fólk hefur

umfram aðra stjórnmálamenn verið að berjast fyrir réttindum og kjörum launafólks í gegnum grasrót stéttarfélaganna.

Þetta eru ekki geimvísindi

Nú langar mig að spyrja þig um hvernig þú munt beita þér innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir félagsfólk í Sameyki?

„Ég mun beita mér fyrir samstarfi og samstöðu í baráttunni fyrir betri kjörum og að verja áunnin réttindi, sérstaklega hjá þeim hópum sem eru á lægstu launum, ekki bara bættum kjörum heldur réttum kjörum. Í þessu sambandi skiptir máli að beita sér í verkalýðspólitíkinni, hvernig við skiptum auðnum með réttlátum hætti því launafólk skapar verðmætin. Við stöndum frammi fyrir því að það þarf að berjast fyrir jöfnuði. Augljósasta leiðin til að jafna kjörin er að þeir hópar launafólks sem eru á lægstu launum í okkar samfélagi greiði lægri skatta, og þeir sem hafa hæstu launin greiði meira til samfélagsins. Það er t.d. mjög auðveld aðgerð að hækka fjármagnstekjuskattinn, bara sanngirnismál augljóslega. Þetta eru ekki geimvísindi," segir hún og heldur áfram: „Það ætti að vera auðvelt að skipta kökunni með réttlátari hætti. Það er ekki sanngjarnt að það séu alltaf sömu fáu aðilarnir sem alltaf er skömmtuð stærsta sneiðin. Ég tel að það sé vel hægt að jafna þetta þegar horft er til launa, launaskatts og útsvars, en líka auðlinda þjóðarinnar. Þetta er baráttumál okkar; að hafa áhrif og gagnrýna ákvarðanir og stefnu stjórnvalda sem skaðar launafólk og leggja til aðrar leiðir í stjórn efnahagsmála. Þetta getur verið auðvelt, það hefur bara skort viljann til þess hjá stjórnvöldum."

Stytting vinnuvikunnar í vaktavinnu

Snúum okkur að kerfisbreytingunni sem varð á vinnumarkaðnum þegar stytting vinnuvikunnar var innleidd og er nú staðfest í kjarasamningum. Nú hefur stytting vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki fallið í grýttan jarðveg. Hver er staðan í þessu verkefni núna?

„Núna 1. nóvember tóku gildi breytingar vegna styttingar vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki samkvæmt kjarasamningum og stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki er orðin staðreynd. Vaktavinnuhópurinn hefur þurft að bíða eftir betri útfærslum en BSRB hefur leitt þá vinnu og samstarfshópurinn innan bandalagsins er að fylgja þessu verkefni vel eftir. Þetta er í endurskoðun og því verður siglt farsællega í höfn á næstu misserum í samstarfi við vaktavinnufólkið sjálft. Þetta er risastórt verkefni sem er ekki ákveðið með einu pennastriki þar sem allt er látið jafnt yfir alla ganga. Verkefnið krefst stöðugrar endurskoðunar svo hægt sé að mæta kröfum þeirra sem starfa í vaktavinnunni um endurbætur á útfærslum. Ég ber fullt traust til starfshópsins innan BSRB, að við sem komum öll að þessu verkefni fylgjum ákveðnu tímaplani, og eins og ég sagði komum þessu verkefni vel í höfn," segir formaður Sameykis.

> Leiðarljósið er félagsfólkið, að við séum alltaf að gæta hagsmuna félagsmannsins, hvort sem um er að ræða kjarasamninga, kjaramál, réttindi í sjóðum Sameykis eða orlofsmál, á öllum sviðum starfsemi félagsins.

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, formaður Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu.

Segðu mér að lokum, hvert er leiðarljósið í starfi Sameykis?

„Leiðarljósið er félagsfólkið, að við séum alltaf að gæta hagsmuna félagsmannsins, hvort sem um er að ræða kjarasamninga, kjaramál, réttindi í sjóðum Sameykis eða orlofsmál, á öllum sviðum starfsemi félagsins; styrktarsjóðum, orlofsmálum, kjaramálum, fræðslumálum og þjónustu sem félagið veitir okkar fólki. Við komum líka beint að kjarasamningum en líka öðrum réttindum en kaupi og kjörum eins og veikindaréttindum, endurmenntunarmöguleikum og fleiru. Þannig að félagsfólkið er okkar leiðarljós, okkar fólk er í öndvegi og það er skylda okkar að gæta ávallt að þeirra hagsmunum," segir Ingibjörg Sif að lokum. ■

X við einstaklingshy

Eftir Sonju Ýri Þorbergsdóttur

Kosningar til Alþingis bar brátt að og því gefst minni tími en oft áður til að kynna sér stefnumál flokkanna. Það er áhugavert að fylgjast með umræðunni og hvert flokkarnir vilja beina athygli okkar. Þegar þetta er ritað hefur aðallega verið rætt um tvennt; efnahagsmál og málefni fámenns hóps sem er að flýja stríð, þjóðarmorð eða aðra neyð. Þetta eru málin sem stjórnmálafólk vill setja á dagskrá en spurningin er hvort þetta séu þau mál sem brenna helst á kjósendum.

Innan BSRB eru 19 stéttarfélög launafólks sem einkum starfa hjá ríki og sveitarfélögum ásamt opinberum hlutafélögum eða starfsemi í almannaþágu. Stórir hópar í fjölbreyttum störfum í leikskólum, grunnskólum, sundlaugum og í þjónustu við fatlað fólk. Einnig fólk sem starfar innan nær allra ríkisstofnananna svo sem í heilbrigðisþjónustu og annarri velferðarþjónustu, sem og fagstéttir á borð við sjúkraliða, félagsliða, lögreglumenn, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, tollverði og starfsfólk

> Stjórnmálaflokkarnir sem byggja hugmyndafræði sína á einstaklingshyggju leggja áherslu á niðurskurð, að ríkissjóður skuldi lítið, „að hleypa einkaframtakinu að“ eða auka einkavæðingu og „valfrelsi“, að selja ríkiseignir, að fækka þurfi ríkisstofnunum og vinda ofan af því sem þeir telja of mikla fjölgun starfsfólks ríkisins. Sumir segja einfaldlega báknið burt.

í flugmálum eða flugumferðarstjórn. Félagslegu kerfin eða innviðirnir, sem okkar fólk starfar í, eru því eðlilega efst í huga í aðdraganda kosninga, hvort heldur sem er út frá stöðu kerfanna, stöðu þeirra sem treysta á þau eða starfsaðstæðum félagsfólks. Ekki síður af þeirri ástæðu að félagsfólk hefur til margra ára bent á að mörg af félagslegu kerfunum eru að þrotum komin.

Frá aldamótum hefur ríkt aðhalds- og niðurskurðarstefna á stofnunum ríkis og sveitarfélag lengur ásamt því að fjölgun ferðamanna hefur aukið álag á heilbrigðisþjónustuna og biðlist

Neyðarástand í félagslegri stöðu og innviðum

Við hjá BSRB höfum margoft bent á að það blasi við neyðarástand þegar horft er til félagslegrar stöðu fjölmennra hópa samfélagsins og félagslegra innviða. Ísland er ríkt land sem almennt státar sig af öflugri velferð og hefur gjarnan verið fremst meðal jafningja í alþjóðlegum samanburði. En ójöfnuður, stéttskipting og fátækt er að aukast, almannaþjónustan og grunnstoðirnar sem við höfum verið svo stolt af eru fjársveltar og við horfum fram á bakslag í jafnréttisbaráttunni.

Árlegar kannanir Vörðu – Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins sýna með skýrum hætti til hvaða hópar það eru sem við verðum helst að líta til; foreldrar, einkum einstæðir, konur og innflytjendur ásamt öryrkjum. Staða foreldra fer sífellt versnandi sem sést meðal annars á því að fleiri en áður hafa ekki efni á til dæmis næringarríkum mat fyrir börnin sín, nauðsynlegum fatnaði, tómstundum eða félagslífi. Um 25% einhleypra foreldra býr við fátækt og um tíu þúsund börn sem þýðir að meira en tíunda hvert barn á Íslandi býr við fátækt.

yggju eða samstöðu?

a. Á sama tíma hefur átt sér stað veruleg fólksfjölgun. Þjóðin er einnig að eldast og lifa ar lengjast eftir hjúkrunarheimilum.

Konur eru síður fjárhagslega sjálfstæðar en karlar og þær eru oftar háðar maka um framfærslu heldur en karlar. Andleg heilsa ungra kvenna og einhleypra mæðra er líka áberandi verri en annarra hópa. Aðrar rannsóknir sýna enn fremur að ungu fólki líður mjög illa, sérstaklega stúlkum. Flest minnast á áhrif samfélagsmiðla í þeim efnum en fá nefna þá staðreynd að 15% stúlkna í 10. bekk og 6% drengja hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu annars unglings. Þá hafa 58% stúlkna orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi og 35% drengja. Ofbeldi í netheimum getur haft jafn alvarleg áhrif og ofbeldi í raunheimum.

Kannanir Vörðu sýna líka að innflytjendur búa við verri stöðu en Íslendingar sem eru fæddir hér á landi. Þau vinna lengri vinnudaga, eiga erfiðara með að ná endum saman og sjá fyrir börnum sínum, fá sjaldnast störf í samræmi við menntun sína ásamt því að þau flytja oftar þar sem þau eru frekar á leigumarkaði með tilheyrandi óöryggi. Þá hefur nær fjórði hver einstaklingur á íslenskum vinnumarkaði sem er með erlent ríkisfang ekki kosningarétt til Alþingis. Okkur í verkalýðshreyfingunni ber að standa með þeim.

> Það er nær sama hvar er drepið niður, félagsfólk innan BSRB lýsir djúpstæðum áhyggjum af stórauknu álagi, skorti á starfsfólki eða stuðningi við stofnanirnar eftir því sem þarfir fólks fyrir þjónustu breytast og hversu lengi fólk þurfi að bíða eftir þjónustu.

Frá aldamótum hefur ríkt aðhalds- og niðurskurðarstefna á stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Á sama tíma hefur átt sér stað veruleg fólksfjölgun. Þjóðin er einnig að eldast og lifa lengur ásamt því að fjölgun ferðamanna hefur aukið álag á heilbrigðisþjónustuna og biðlistar lengjast eftir hjúkrunarheimilum. Í menntakerfinu hefur álag aukist vegna aukinna og þyngri félagslegra þarfa barna og ungmenna. Það er nær sama hvar er drepið niður, félagsfólk innan BSRB lýsir djúpstæðum áhyggjum af stórauknu álagi, skorti á starfsfólki eða stuðningi við stofnanirnar eftir því sem þarfir fólks fyrir þjónustu breytast og hversu lengi fólk þurfi að bíða eftir þjónustu. Þetta kemur hvað skýrast fram hjá félagsfólki sem starfar í framlínunni, þ.e. í nánum persónulegum samskiptum við annað fólk.

Flestir stjórnmálaflokkar hafa tekið undir að við séum í innviðaskuld, þ.e. að styrkja þurfi við stöðu þessara mikilvægu stofnana í velferðarkerfinu. Engu að síður einkennist stjórnmálaumræða gjarnan af mýtunni um að eina leiðin til að bregðast við verðbólgunni sé með niðurskurði. Þessi hugmyndafræði um að niðurskurður sé eina svarið er ástæðan fyrir stöðunni eins og hún er nú í dag – og ef hún verður það áfram mun það bara einungis dýpka vandann.

Á krossgötum

Í þessum kosningum stöndum við á krossgötum. Valið stendur á milli enn frekari einstaklingshyggju eða aukinnar samstöðu og félagshyggju.

Stjórnmálaflokkarnir sem byggja hugmyndafræði sína á einstaklingshyggju leggja áherslu á niðurskurð, að ríkissjóður skuldi lítið, „að hleypa einkaframtakinu að“ eða auka einkavæðingu og „valfrelsi“, að selja ríkiseignir, að fækka þurfi ríkisstofnunum og vinda ofan af því sem þeir telja of mikla fjölgun starfsfólks ríkisins. Sumir segja einfaldlega báknið burt.

“

Verði ekki snúið af braut úreltrar efnahagsstjórnar mun misskipting tekna og eigna vaxa enn meirafrekar. Samþjöppun auðs mun hafa enn skaðlegri afleiðingar, stéttskipting aukast og félagsleg samheldni minnka enn frekar. Það er eitt að hafa val um hvar eigi að versla í matinn en það er ekki, og verður aldrei, hægt að tala um „valfrelsi“ einstaklinga þegar kemur að því við að fá grunnþörfum sinnt eða nauðsynjar á borð við heilbrigðisþjónustu og pláss á hjúkrunarheimili.

Þeir stjórnmálaflokkar sem byggja á félagshyggju tala fyrir styrkingu almannaþjónustunnar og vilja skipta sameiginlegum verðmætum okkar á borð við arðinum af auðlindunum með réttlátari hætti í þágu almennings og hætta að gefa breiðu bökunum afslátt af sínu framlagi til samfélagsins til að við getum aukið velferð. Þeir hafna frekari einkavæðingu hjúkrunarheimila, í heilbrigðisþjónustu og menntakerfinu enda sýnir fjöldi rannsókna að aukin einkavæðing eykur ójöfnuð og bitnar sérstaklega á þeim sem hafa lægri tekjur og íbúum landsbyggðarinnar.

BSRB hefur ítrekað bent á að efnahagsstjórn sem þjónar fjármagni frekar en fólki ýtir undir óstöðugleika og óróleika í samfélaginu og grefur undan öryggistilfinningu. Að niðurskurður í velferðarþjónustu hefur neikvæð áhrif á líðan fólks og eykur veikindi. Rannsóknir sýna að aðgerðir sem að grípa þarf til gegn auknu ofbeldi meðal ungs fólks felist í því að vinna gegn fátækt, tryggja öruggt húsnæði fyrir barnafjölskyldur, gera konum og börnum auðveldara að komast út úr heimilisofbeldi og auka stuðning í skóla við börn sem standa illa að vígi námslega og eiga við hegðunarerfiðleika að stríða.

Verði ekki snúið af braut úreltrar efnahagsstjórnar mun misskipting tekna og eigna vaxa enn meirafrekar. Samþjöppun auðs mun hafa enn skaðlegri afleiðingar, stéttskipting aukast og félagsleg samheldni minnka enn frekar. Það er eitt að hafa val um hvar eigi að versla í matinn en það er ekki, og verður aldrei, hægt að tala um „valfrelsi“ einstaklinga þegar kemur að því við að fá grunnþörfum sinnt eða nauðsynjar á borð við heilbrigðisþjónustu og pláss á hjúkrunarheimili.

Rannsóknir sýna einnig að aukin einkavæðing í nauðsynlegri þjónustu sé þvert á vilja meirihluta fólks sem hér býr. Þær sýna einnig að flest telja ójöfnuð of mikinn, og vilja ekki að örfáir einstaklingar geti grætt á neyð fólks. Þrátt fyrir það er fjöldinn allur af fjárfestum að undirbúa miklar áætlanir um hvernig megi græða sem mest á aukinni einkavæðingu í menntakerfinu og heilbrigðisþjónustunni og bíða eftir tækifærum til þess með nýrri ríkisstjórn.

Hvernig samfélag viljum við?

Greina má mörg stef í umræðunni sem eru til þess fallin að draga athygli okkar frá kjarna málsins. Enn er haldið að okkur þeim áróðri, byggðum á hugmyndafræði um einstaklingshyggju, að hver sé sinnar gæfu smiður og það sé einstaklingsins að tryggja eigin lífsgæði. Sömu áróðursmeistarar hunsa þá staðreynd að án sterks sameiginlegs velferðar- og menntakerfis hefur fólk ekki jöfn tækifæri og möguleika í lífinu.

Einnig er látið að því liggja að ekki sé hægt að auka velferð fólks því það kosti of mikið, e. En þá er ekki rætt hvað það myndi kosta að gera ekki neitt. Og ábendingum verkalýðshreyfingarinnar um að afla tekna með því að skattleggja breiðu bökin er iðulega fálega tekið. Þvert á móti er reynt að mála upp þá mynd að hærri skattar séu fráleit hugmynd.

Þá er gjarnan kynt undir þá mýtu að það sé svo hættulegt að skulda. Í engu er minnst á að í bæði sögulegu og alþjóðlegu tilliti er skuldastaða ríkisins hér á landi góð. Vandamálið eru vextirnir. Háir vextir eru vegna hárrar mikillar verðbólgu en meginástæða hennar er skortur á húsnæði. Vítahringur húsnæðisskorts, verðbólgu og hárra vaxta er síendurtekið og þrálátt mynstur sem við búum við. Það er neyðarástand á húsnæðismarkaði en viðbrögð stjórnvalda láta á sér standa. Það getur enginn annar en ríki og sveitarfélög getur stigið inn og tryggt að byggt sé nægilega mikið – það er eitt mikilvægasta verkefnið sem þau standa frammi fyrir.

Mýtan um að það sé svo hættulegt að skulda er notuð til að rökstyðja að ekki sé hægt að setja aukið fjármagn í heilbrigðisþjónustu, velferðarþjónustu, menntamál, húsnæðismál eða aðrar aðgerðir til að stuðla að samheldni, jafnrétti og jöfnuði. Þetta eru verkefni sem eiga það almennt sameiginlegt að vera af félagslegum toga, þau skipta okkur öll máli og ættu að vera í forgangi. Þessi ríka áhersla á niðurgreiðslu skulda og niðurskurð endurspeglar skakka forgangsröðun og drepur alla von um að hlutirnir geti breyst.

Viðfangsefni þessara kosninga á að snúast um fólk og lífsgæði þeirra – að fólk búi við frið, hafi fjárhagslegt sjálfstæði, sé öruggt, að komið sé fram við það af virðingu, það búi við jafnrétti og njóti mannréttinda. Að hér verði frábært að búa, mennta sig, starfa, ala upp börn, annast og styðja við ástvini, fara á eftirlaun og eldast. Það eru þau mál sem standa okkur næst og kjósendur eiga rétt á að fá skýr svör frá frambjóðendum um hvernig framtíðarsamfélag þeir vilji byggja upp, hvernig þeir ætli að gera það og hvort þeirra áætlanir byggi í grunninn á einstaklingshyggju eða samstöðu. ■

Höfundur er formaður BSRB

Mannauðskönnunin Stofnun ársins er hafin

Eftir Jakobínu Þórðardóttur

Stofnun ársins er viðamikil starfsumhverfiskönnun. Tilgangur hennar er að styrkja starfsumhverfi starfsfólks í almannaþjónustu. Könnunin veitir ítarlegar upplýsingar um stöðu mála, þ.e. styrkleika og áskoranir í starfsumhverfinu sem nýta má til umbótastarfs á vinnustaðnum.

Útsending könnunarinnar er hafin, en hún er send út í gegnum tölvupóst til félagsfólks. Í næstu viku verður könnunin síðan aðgengileg inni á Mínum síðum Sameykis. Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra annarra stofnana en hún nær til um 35.000 manns á opinberum vinnumarkaði. Almennt er miðað við að þátttakendur séu í a.m.k. 20% starfshlutfalli og hafi starfað á vinnustaðnum í þrjá mánuði eða lengur. Þetta viðmið er notað svo svarendur séu betur í stakk búnir til að meta starfsumhverfi sitt með áreiðanlegum hætti.

Stofnun ársins ætlað að styrkja starfsumhverfi

Tilgangur könnunarinnar er í fyrsta lagi að styrkja starfsumhverfi starfsfólks í opinberri þjónustu. Könnunin veitir stjórnendum upplýsingar um hvað er vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhóli starfsfólksins, og gerir stjórnendum þannig kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi og stjórnun. Í öðru lagi er tilgangurinn að velja Stofnun ársins og gefa þannig þeim stofnunum viðurkenningu sem skara fram úr í mannauðsmálum.

Val á Stofnun ársins, Fyrirmyndarstofnunum og Hástökkvara ársins byggir á mati starfsmanna og eru niðurstöðurnar mælikvarði á frammistöðu stofnana í stjórnun, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, ímynd stofnana og jafnrétti.

Ábyrgð á könnuninni er eftirfarandi:

- Reykjavíkurborg er ábyrgðaraðili gagnvart sínu starfsfólki.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið er ábyrgðaraðili gagnvart starfsfólki ríkisins.
- Sameyki er ábyrgðaraðili könnunarinnar gagnvart sínu félagsfólki.

Sameyki hefur m.a. það hlutverk að berjast fyrir réttindum félagsmanna sinna, bæta aðbúnað þeirra, veita þeim ýmiss konar þjónustu og móta kröfur fyrir þeirra hönd í kjarasamningum. Sameyki kannar kjör, aðstæður og viðhorf sinna félagsmanna til að geta sinnt þörfum þeirra og hagsmunum betur.

Ef stofnun, vinnustaður eða fyrirtæki óskar eftir þátttöku í könnuninni að eigin frumkvæði, þá er sá vinnustaður ábyrgðaraðili gagnvart sínu starfsfólki.

Gallup á Íslandi sér alfarið um vinnslu könnunarinnar, gagnaöflun, varðveislu gagna og skýrslugerð. Nánari upplýsingar um könnunina má sjá á vef Sameykis, sameyki.is ■

Höfundur er deildarstjóri félagsdeildar hjá Sameyki

Stjórnvöld hafa brugðist venjulegu vinnandi fólki á Íslandi

Ríkisstjórn síðustu ára hefur ráðist í ófjármagnaðar skattalækkanir sem gagnast fyrst og fremst breiðu bökunum. Fyrir vikið hafa tekjur ríkissjóðs ekki dugað fyrir útgjöldum árum saman og velferðarkerfin hafa verið fjársvelt. Afleiðingin af óstjórninni varð mikil verðbólga og svo svimandi háir vextir, sem hafa lagst sem ofurskattur á venjuleg íslensk heimili. Þeim ofurskatti þarf að lyfta.

Eftir Þórð Snæ Júlíusson

Það er samvinnuverkefni Seðlabanka, ríkisstjórnar og vinnumarkaðar að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Þessar þrjár stoðir þurfa að vinna saman til að halda niðri verðbólgu, halda uppi atvinnustigi og viðhalda kaupmætti. Seðlabankinn gerir það fyrst og síðast með því að hækka eða lækka stýrivexti og ákvarða með því hversu dýrt lánsfé á að vera á hverjum tíma. Sé þörf á örvun í hagkerfinu, líkt og á kórónuveirutímanum, þá lækkar hann vexti til að ýta undir lántöku og neyslu. Sé þörf á kælingu í hagkerfinu, líkt og verið hefur síðustu ár, hækkar hann vexti til að draga úr lántöku og neyslu.

Það er ekki hlutverk Seðlabankans að hugsa um áhrif aðgerða sinna á jöfnuð í samfélaginu. Hvort þær leiði til þess að ákveðnir hópar auki tekjur og eignir sínar beint vegna aðgerða bankans en aðrir hópar sitji eftir með skertan kaupmátt og þann veruleika að hann eigi erfitt með að láta enda ná saman. Þar á ríkið að koma inn, skattleggja þá sem högnuðust umfram það sem eðlilegt er vegna aðgerða Seðlabankans og nýta svo millifærslukerfi til að koma til móts við þá sem urðu verst úti vegna sömu aðgerða. Vinnumarkaðurinn hefur svo það hlutverk að semja þannig að það sé til innistæða fyrir launahækkunum.

Viðvarandi halli en samt fjársvelti

Á Íslandi nú á dögum er Seðlabankinn að gera það sem hann á að gera. Hann er með verðbólgumarkmið sem er 2,5 prósent og verðbólgan hefur ekki verið undir því frá vorinu 2020. Verðbólgan fór raunar um tíma í tveggja stafa tölu og hefur haldist þrálátt mikil nær allt þetta kjörtímabil. Vegna þessa hefur bankinn ráðist í að tólffalda stýrivexti frá því þegar þeir voru lægstir, og í það sem þeir eru núna. Þeir hafa nú verið yfir níu prósent í 14 mánuði. Vinnumarkaðurinn gerði sitt með því að semja um hóflegar launahækkanir í langtímasamningum sem eiga að ýta undir að verðbólga hjaðni og vextir geti lækkað skarpt.

Stjórnvöld hafa hins vegar að mestu skilað auðu, ef frá eru talin þau útgjöld sem samþykkt var að ráðast í til að liðka fyrir kjarasamningum. Ríkissjóður stefndi í að vera rekinn í um 620 milljarða króna halla frá árinu 2020 og út næsta ár. Sú tala hefur nú hækkað um 18 milljarða króna samkvæmt nýrri kynningu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og því verður hallinn 638 milljarðar króna á tímabilinu. Hér er miðað við verðlag hvers árs. Raunhallinn er miklu meiri, enda verðbólga verið gríðarleg. Samkvæmt fyrirliggjandi fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn í halla alls níu ár í röð. Á þessu tímabili hefur verið ráðist í ófjármagnaðar skattalækkanir upp á tugi milljarða króna sem gagnast helst tekjuhæstu hópum samfélagsins. Samhliða hefur ríkisstjórnin valið að fjársvelta velferðarkerfin þannig að þau geta ekki sinnt þeirri almannaþjónustu sem þeim er ætlað að gera. Það eykur álag á fólkið sem þar starfar.

Byrðarnar lenda misjafnlega á kynslóðum

Þessi staða hefur bitnað gríðarlega hart á skuldurum landsins, og sérstaklega barnafjölskyldum og þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Það er enda þannig að lækningin við

> “
>
> Frá 2021 til 2023 jókst vaxtabyrði íslenskra heimila um 40 milljarða króna. Þessi þróun hefur skilað því að um 75 prósent af hreinum tekjum stóru íslensku bankanna þriggja eru vaxtatekjur. Á tveimur árum hafa sameiginlegar tekjur Landsbankans, Arion banka og Íslandsbanka af vöxtum sem þeir rukka viðskiptavini sína aukist um 23 prósent, eða 21,5 milljarða króna.

„Stjórnvöld hafa hins vegar að mestu skilað auðu, ef frá eru talin þau útgjöld sem samþykkt var að ráðast í til að liðka fyrir kjarasamningum." Ríkisstjórn Íslands, annað ráðuneyti Bjarna Benediktssonar, 9. apríl 2024. *Ljósmynd/Stjórnarráð Íslands*

verðbólgudraugnum bitnar alltaf á þeim sem minnst hafa á milli handanna áður en hún nær að tempra neyslu þeirra sem raða sér í efstu tekjutíundirnar og bera ábyrgð á flestum utanlandsferðunum. Kaupum á flestum nýju bílunum. Sem hafa bestu tækifærin til að stækka við sig húsnæði og endurnýja innbúið samhliða. Tölur um kortaveltu hafa raunar sýnt að hið háa vaxtastig hefur lítil áhrif á neyslugetu tekjuhæstu hópanna í íslensku samfélagi.

Þessi staða fær stoð í hagtölum. Rannsókn Vörðu – Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins á stöðu launafólks, sem birt var í vor, sýndi að fjórir af hverjum tíu eigi erfitt með að láta enda saman um mánaðamót. Einhleypir foreldrar, innflytjendur, lágtekjufólk og þeir sem eru á leigumarkaði eru í meiri vanda en aðrir hópar. Þá er fjárhagsstaða kvenna áberandi verri en karla.

Í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar má sjá upplýsingar um að byrðarnar lenda afar mismunandi á kynslóðum. Þar er birt mynd sem sýnir að hlutfall þess hóps sem greiðir yfir 20 prósent af ráðstöfunartekjum sínum – það sem situr eftir á bankareikningnum þegar skattar og önnur opinber gjöld hafa verið greidd – í vexti hefur farið úr ellefu prósentum árið 2019 í 14 prósent í lok árs í fyrra. Þegar fólk undir 40 ára er skoðað einvörðungu þá birtist hins vegar allt önnur mynd. Hlutfall þess hóps sem borgar meira en fimmtung af því sem hann á eftir um hver mánaðamót þegar ríki og sveitarfélög hafa tekið sitt í vexti hefur farið úr 13 í 21 prósent.

Fólkið borgar meira, bankarnir auka hagnað sinn

Samandregið þá hafa vaxtagjöld heimila landsins hafa aukist um 71 prósent frá því sem þau voru á síðasta ársfjórðungi ársins 2021 og í það sem þau voru á öðrum ársfjórðungi yfirstandandi árs. Frá 2021 til 2023 jókst vaxtabyrði íslenskra heimila um 40 milljarða króna. Þessi þróun hefur skilað því að um 75 prósent af hreinum tekjum stóru íslensku bankanna þriggja eru vaxtatekjur. Á tveimur árum hafa sameiginlegar tekjur Landsbankans, Arion banka og Íslandsbanka af vöxtum sem þeir rukka viðskiptavini sína aukist um 23 prósent, eða 21,5 milljarða króna. Bankarnir fengu stóra skattalækkun árið 2021, þegar bankaskattur var lækkaður. Umfang hennar hefur verið metið á um tólf milljarða króna fram til ársins 2024. Bankarnir notuðu þá lækkun ekki til að minnka vaxtamun – muninn á þeim vöxtum sem bankarnir borga fyrir að fá peninga að láni og þeim vöxtum sem þeir rukka fyrir að lána einstaklingum og fyrirtækjum fjármuni – heldur notuðu þeir hana til að auka arðsemi sína.

Þarna er um að ræða ofurskatt á íslenska skuldara, og sérstaklega ungar barnafjölskyldur. Það er helsta kjarabót sem þessi hópur getur fengið – fjölgað peningunum í veskinu mest um hver mánaðamót – að fá ríkisstjórn sem sýnir ábyrgð í efnahagsmálum og nær þannig niður vöxtum og verðbólgu. Samhliða er sanngjarnt að auka tekjur ríkissjóðs með því að setja frekari álögur á fjármagnseigendur, þá sem nýta auðlindir þjóðarinnar og þá sem hafa getað nýtt sér skattaglufur til að endurreisa velferðarkerfin, ráðast í stórátak í atvinnu- og samgöngumálum, að ráðast í bráðaaðgerðir í húsnæðismálum til skemmri tíma og taka ábyrgð á að þau þróist með réttum hætti til lengri tíma.

Það má hins vegar ekki skattleggja venjulegt vinnandi fólk frekar, enda hefur það mátt þola nóg síðustu ár. ■

Höfundur er fyrrv. ritstjóri Heimildarinnar og skipar 3. sæti á lista Samfylkingar í Reykjavíkurkjördæmi norður

Saman að sjálfbærni

Eftir Herdísi Sólborgu Haraldsdóttur og
Heiði Margréti Björnsdóttur

Félagsleg skautun hefur aukist í íslensku samfélagi á undanförnum árum, og á það sérstaklega við um ýmis málefni sem heyra undir sjálfbærni eins og samfélagsleg réttindi, loftslagsmál og efnahagslegar breytingar. Þessi þróun er ekki sérískslensk, félagsleg átök og sundrung hafa vaxið víða og skapa þá rými fyrir stjórnmálaleiðtoga sem nýta slíkt ástand sér til framdráttar. Á sama tíma stöndum við frammi fyrir flóknum áskorunum vegna ósjálfbærs lífernis á jörðinni, áskorunum sem krefjast samvinnu allra til lausnar.

Félagsleg sjálfbærni

Hið opinbera spilar lykilhlutverk í að styðja við sjálfbæra þróun. Leiðin að sjálfbærni er þó ekki einföld. Hugtakið er víðtækt, byggt upp á þremur stoðum: Umhverfi, samfélagi (oft nefnt félagslegir þættir) og efnahagslegri stjórnun.

Í umfjöllun og áherslum um sjálfbærni er félagslegi þátturinn oft vanmetinn, þar sem umræður beinast frekar

Í umfjöllun og áherslum um sjálfbærni er félagslegi þátturinn oft vanmetinn, þar sem umræður beinast frekar að umhverfis-, efnahags- og loftslagsmálum. Skýringin er að hluta til fólgin í því að mælikvarðar á árangur félagslegrar sjálfbærni eru gjarnan huglægir og flókið að draga þá fram í árangursmiðuðum skýrslum.

að umhverfis-, efnahags- og loftslagsmálum. Skýringin er að hluta til fólgin í að mælikvarðar á árangur félagslegrar sjálfbærni eru gjarnan huglægir og flókið að draga þá fram í árangursmiðuðum skýrslum. Hvernig vitum við til dæmis að ákvarðanir okkar ýttu undir félagslega skautun og hvað við nákvæmlega þurfum að gera til að sporna við því? Margt er þegar verið að gera, án þess að það sé dregið fram með sérstökum hætti, en stundum mættum við líka gera betur.

Félagsleg sjálfbærni snýst um að tryggja réttlæti, fjölbreytileika og velferð fólks og byggja lífvænleg samfélög fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Þetta felur í sér að greina og leitast við að stýra jákvæðum og neikvæðum áhrifum ákvarðana á fólk og samfélög. Þegar ákvarðanir eru teknar til að draga úr þenslu eða skera niður er mikilvægt að greina og vinna með margvísleg áhrif þeirra á ólíka hópa samfélagsins. Slíkar aðgerðir geta til dæmis leitt til atvinnumissis og óöryggis í húsnæðismálum. Nauðsynlegt er fyrir opinbera aðila að meta áhrifin og vinna markvisst að því að draga úr neikvæðum afleiðingum á fólk. Þörfin á samtali og raunverulegu samráði eykst, þar sem hlustað er á ólík sjónarmið til að draga úr félagslegri sundrung og bæta ákvarðanatöku.

Samráð og samtal lykilatriði

Hlutverk hins opinbera gagnvart félagslegri sjálfbærni getur orðið viðamikið, og því vert að brjóta verkefnin niður og skoða þau út frá hverju málefni fyrir sig. Ef vinna á markvisst með félagslegan þátt sjálfbærni í afmörkuðu verkefni, eins og virkjanaframkvæmd í sveitarfélagi, er samráð og samtal við íbúa lykilatriði. Einnig þarf að meta áhrif framkvæmdarinnar á störf og velsæld í nærsamfélaginu, auk áhættumats á innviði, svo sem heilsugæslu og skóla. Nauðsynlegt er að tryggja góð starfsskilyrði fyrir öll þau

sem koma að framkvæmdinni og veita upplýsingar um starfsskilyrði starfsfólks hjá birgjum og öðrum aðilum sem taka þátt í verkefninu. Gagnsæi er grundvallaratriði og niðurstöðunni þarf að fylgja framvinda með skýrt framsettum og raunhæfum aðgerðum. Nærþjónustan, sem sveitarfélög og aðrir þjónustuaðilar veita, skiptir miklu máli í framkvæmdinni.

Skortur á skýrri framvindu hjá stjórnvöldum

Stjórnvöld á Íslandi hafa sett sér stefnu í sjálfbærri þróun til ársins 2030 og þegar stigið ákveðin skref við að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Við rýni á þeirri stefnu er þó ljóst að nokkuð skortir á skýra framvindu og leiðsögn gagnvart stofnunum.

SJÁLFBÆRNI UMHVERFI

Tækifæri eru fyrir hið opinbera að stíga með afgerandi hætti inn í félagslega hluta sjálfbærninnar með raunhæfri framtíðarsýn, skýrum kröfum og aðgerðamiðaðri framvindu sem er til þess fallin að efla traust, réttlæti, fjölbreytileika og velsæld fólks. Framvindan og leiðsögnin þarf að skila sér til stofnana og hún þarf að vera samræmd. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem eru sameiginlegt verkefni okkar allra og brýnt að tengja við, eru ekki endilega rétti ramminn fyrir stefnumótun í afmörkuðum verkefnum og málaflokkum hins opinbera. Mikilvægi þess að vinna að þeim er þó óumdeilt og brýnt að stofnanir geri það með sínum hætti. Það sem vantar er skýrt og samræmt verklag við sjálfbæra þróun hjá hinu opinbera.

Í sjálfbærnivegferðinni eru engir vinningshafar, þetta er samstarf, samtal og sameiginleg framtíðarsýn. Náið samstarf allra aðila; hins opinbera, atvinnulífs og samfélags, er því lykilatriði.

Upplýsingagjöf ekki valfrjáls heldur skylda

Einkageirinn er í óða önn að tileinka sér ný vinnubrögð byggð á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar. Þau eru undirbyggð skýrum, stöðluðum og ítarlegum kröfum Evrópusambandsins um verklag. Það er margt í því verklagi sem á vel við hjá stofnunum og öðrum þeim sem veita nærþjónustu. Stærri fyrirtæki þurfa nú að greina og draga fram stjórnunarleg, samfélagsleg og umhverfisleg áhrif viðskiptahátta sinna, þar með talið áhrif virðiskeðjunnar í heild. Ásamt þessu er gerð krafa um að þau lýsi skýrt þeirri vegferð sem þau hyggjast fara til að vinna markvisst með þessa þætti. Staðlar sem undirbyggja sjálfbærniskýrslugerð veita mikilvæga ramma til að styðja við framvindu og gagnsæi. Með nýjum Evrópureglugerðum er markmiðið að gera fyrirtæki ábyrg fyrir allri virðiskeðjunni og öllum ákvörðunum sínum. Upplýsingaleysi getur ekki verið ástæða undanþágu, þar sem krafa um aukna upplýsingasöfnun og upplýsingagjöf er ekki valfrjáls heldur skylda. Þrátt fyrir að enn sé margt óútfært varðandi kröfur á einkageirann er ferlið hafið og ljóst að þessi viðmið hafa víðtæk áhrif.

Stjórnvöld sýni fram á samræmd og markviss vinnubrögð Nú er kjörinn tími til að rýna verklag innan stjórnsýslu og horfa til þeirra breytinga sem eiga sér stað í einkageiranum. Alþjóðastofnanir geta líka stutt við og varðað leiðina áfram. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), sem Ísland er

aðili að, hefur nýlega gefið út ítarlegar leiðbeiningar fyrir stjórnvöld varðandi sjálfbæra þróun. Þar eru dregnar fram fimm lykiláherslur sem geta hjálpað okkur að sjálfbærri og réttlátri framtíð. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að stjórnvöld sýni fram á samræmd og markviss vinnubrögð, þar sem allir þættir sjálfbærni; félagslegir, umhverfislegir og efnahagslegir eru samþættir í heildræna stefnu. Einnig er vikið að mikilvægi þess að efla getu til að fylgjast með árangri, nýta samlegð og draga úr neikvæðum áhrifum. Lagt er upp með að samstarf sé náið við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og frjáls félagasamtök til að tryggja að sjálfbærniaðgerðir skili árangri um allt samfélagið. Stofnanir gegna lykilhlutverki og brýnt er að þeim sé tryggt skýrt verklag til að ná þessum markmiðum.

Sjálfbær þróun er viðamikið verkefni og ekki á færi eins aðila að leysa. Við þurfum öll að bera ábyrgð, læra af hvert öðru, hjálpast að og bæta okkur. Einkageirinn býr nú við ríkar kröfur sem munu hafa mikil áhrif núna og inn í framtíðina. Það eru mikil tækifæri í nærþjónustunni þar sem starfar fagfólk í hverju horni. Stjórnvöld þurfa að ganga fram með góðu fordæmi og koma með skýrar línur byggðar á faglegum viðmiðum sjálfbærrar þróunar. ■

Höfundar starfa hjá Kveikju hugmyndasmiðju

Heimildir:
OECD. (2024). OECD Contributions to the 2030 agenda and beyond: Shaping a sustainable future for all. https://doi.org/10.1787/69c94bd4-en

Stjórnarráð Íslands. (2024). Stefna Íslands um sjálfbæra þróun til 2030. https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/SjalfbAert-island/Stefna%20%C3%8Dslands%20um%20sj%C3%A1lfb%C3%A6ra%20%C3%BEr%C3%B3un.pdf

Lífeyrismál

Sameining lífeyrissjóða

Lokaskrefið hefur verið stigið í sameiningu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar við Brú lífeyrissjóð. Frá árinu 1998 hefur Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) verið í rekstri Brúar lífeyrissjóðs (áður Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga LSS).

Aðdragandi að sameiningu LsRb við Brú lífeyrissjóð spannar mörg ár en vegna krafna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um útvistun lífeyrissjóða var nú loks stigið lokaskrefið og sjóðirnir sameinaðir frá og með frá síðustu áramótum.

LsRb er lokaður sjóður og þegar þessi grein er rituð greiða innan við 130 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn mánaðarlega. Sjóðurinn er með bakábyrgð Reykjavíkurborgar, sem þýðir að borgin tryggir greiðslu lífeyris úr sjóðnum.

Með sameiningunni má búast við að rekstur sjóðanna verði bæði skilvirkari og hagkvæmari. Á árinu 2023 var lagt mat á hver fjárhagsleg áhrif yrðu ef af sameiningu yrði en það mat sýndi lækkun á beinum og óbeinum kostnaði um 31 millj. kr. á ári.

Stjórnir LsRb og Brúar lífeyrissjóðs hafa samþykkt sameiningu sjóðanna sem og Sameyki og Borgarstjórn Reykjavíkurborgar. Samþykktirnar eru nú til afgreiðslu hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Hvað þýðir sameiningin fyrir sjóðfélagana?

Meginforsendan fyrir sameiningu sjóðanna er að réttindi og réttindaöflun sjóðfélaga til framtíðar eru óbreytt sem og bakábyrgð Reykjavíkurborgar. Stofnuð var ný deild

innan Brúar lífeyrissjóðs sem fékk heitið R-deild. Rekstur, skuldir og skuldbindingar LsRb eru í þeirri deild og nær bakábyrgð Reykjavíkurborgar eðli málsins samkvæmt einungis til hennar. Sá kafli samþykkta LsRb sem fjallar um réttindi sjóðfélaga var fluttur óbreyttur yfir í samþykktir Brúar lífeyrissjóðs.

Réttindi sjóðfélaga LsRb eru því óbreytt og hefur sameiningin engin áhrif á réttindi sjóðfélaga LsRb.

Hafir þú spurningar um lífeyrisréttindi þín eða spurningar um sameiningu sjóðanna er þér velkomið að hafa samband við okkur. Skrifstofa sjóðsins að Sigtúni 42, 105 Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09:00 – 16:00, en jafnframt hægt er að bóka viðtal í gegnum heimasíðu sjóðsins lifbru.is. Einnig er hægt að hringja í síma 5 400 700 eða senda tölvupóst á lifeyrir@lifbru.is ■

Skráðu þig í Háskóladeild Sameykis

Ert þú með háskólamenntun en hefur ekki enn skráð þig í Háskóladeild Sameykis? Háskólamenntað félagsfólk innan Sameykis sem er í störfum þar sem krafist er háskólamenntunar getur skráð sig í Háskóladeildina.

Sért þú með háskólamenntun er gott að þú skráir þig til að efla deildina. Hægt er að skrá sig í deildina á vef Sameykis undir Um Sameyki og þar sem finna má Háskóladeild.

Hlutverk Háskóladeildar er að gæta hagsmuna háskólamenntaðs félagsfólks innan Sameykis og vera málsvari þeirra. Einnig að fjalla um hagsmuna- og sérmál sem varða réttindi og kjör félagsfólks með háskólamenntun og að halda uppi kynningar- og félagsstarfi með félögum innan háskóladeildarinnar. ■

Stjórn kjörin á aðalfundi Háskóladeildar 10. október 2024. F.v. fremri röð. Guðríður Sigurbjörnsdóttir, varaformaður, Priscela Ycot, Þórður Kristófer Ingibjargarson, ritari, Fv. efri röð. Atli Ómarsson, Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir, formaður, Pétur Þorsteinsson og Birna Björnsdóttir.

DAGBÓKIN 2025

Félagsfólk sem hefur áhuga á að eignast dagbókina fyrir árið 2025 í stærðinni A6 geta pantað hana á vef Sameykis og verður hún send til viðkomandi. Hægt er að panta fleiri en eina dagbók, t.d. fyrir hóp á vinnustaðnum.

Einnig er hægt að nálgast dagbókina á skrifstofu félagsins. Opnunartímar skrifstofu er frá kl. 9:00 - 15:00 mánudaga til fimmtudags og föstudaga frá kl. 9:00-13:00.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU
DAGBÓKIN 2025

Niðurskurður er í erfðamengi kapítalismans

Eftir Axel Jón Ellenarson Ljósmyndir: Anton Brink

VR stóð fyrir málþingi um niðurskurðarstefnu (e. austerity) um miðjan september síðastliðinn og var Clara Mattei, prófessor í hagfræði, fengin hingað til lands til að halda erindi. Málþingið var haldið í tilefni af því að öld er liðin frá því að niðurskurðarstefnan var fyrst skipulega innleidd á Íslandi. Yfirskrift þingsins var *Efnahagsleg nauðsyn eða pólitísk hugmyndafræði* og rætt var um áhrif þessarar umdeildu stefnu, bæði erlendis og hérlendis.

Clara E. Mattei er lektor við The New School for Social Research í New York. Verk hennar beinast aðallega að skörun á sviðum stjórnmála, hagfræði, sagnfræði og félagslegra kenninga. Mattei er þekkt fyrir rannsóknir sínar á efnahags- og stjórnmálalegum áhrifum niðurskurðar, sérstaklega í sögulegu samhengi. Rannsóknir Clöru miða að því að skilja hvernig efnahagsstefna, eins og niðurskurðaraðgerðir, hafa áhrif á uppbyggingu félagslegra þátta samfélagsins og valdajafnvægis í stjórnmálum.

Vakið hefur athygli innan hagfræðinnar greining hennar á tengslum niðurskurðarstefnunnar og þróunar kapítalískra lýðræðisríkja. Þar heldur hún því fram að niðurskurður sé ekki aðeins fjármálastefna heldur einnig verkfæri stjórnmálanna til að viðhalda tilteknum félagslegum eiginleikum – félagslegum tökum og aga.

Bók Mattei, *The Capital Order: How Economists Invented Austerity and Paved the Way to Fascism* (2022), fjallar um uppruna niðurskurðar í byrjun 20. aldar og þar er hlutverk hans skoðað í uppgangi einræðisstjórna, sérstaklega í Evrópu. Verk Clöru E. Mattei eru staðsett á mörkum hagfræðikenninga, stjórnmálasögu og heimspeki. Hún gagnrýnir iðulega hefðbundnar hagfræðikenningar með sýn sinni á afleiðingar niðurskurðar á jöfnuð og lýðræði.

Clara heimsótti blaðamann á skrifstofu Sameykis á hlaupum sínum milli funda og viðtala við fjölmiðla í Reykjavík daginn eftir málþing VR og spjallaði um kenningar sínar.

Niðurskurður safn örhagfræðilegra aðferða

Í bók þinni fjallar þú um skipun fjármagnsins. Þar ræðir þú hvernig niðurskurður er ekki aðeins efnahagslegt tæki heldur líka pólitískt. Getur þú útskýrt nánar hvað þú átt við og hvernig niðurskurðarstefna stjórnvalda mótar samfélagið?

„Niðurskurður sýnir mjög greinilega að það er engin sjálfvirkni á svokölluðum mörkuðum, heldur hvernig ríki og kapítalísk kerfi móta samfélagið á virkan hátt með þeim hætti að það er í raun aðeins hagstætt fyrir fjármagnseigendur en skaðlegt fyrir launafólk og almenning. Besta leiðin til að ná þessu fram er einmitt með fjársvelti og niðurskurði, því að niðurskurður er nokkurs konar safn örhagfræðilegra aðferða eða stefnu sem beinlínis færa auðlindirnar frá vinnandi fólki, sem er í meirihluta, til fjármagnseigenda sem eru í minnihluta.

Þetta er framkvæmt með stefnum eins og fjársveltistefnu (e. fisco-austerety) eða niðurskurði í útgjöldum til samfélagslegra þátta eins og heilbrigðiskerfis og menntakerfis, húsnæðis og viðhalds innviða. Á sama tíma dregur dregur ríkið úr áhættu fyrir einkafyrirtæki og stórfyrirtæki og fjármagnar framgang þeirra. Ríkið veitir líka miklu fé í alls kyns samkeppni á mörkuðum, eins og í tæknigeirum og í græna hagkerfinu. Enn fremur rennur mikið fjármagn frá ríkinu til einkafjárfesta. Þá bitnar hörð skattlagning í miklum mæli meira á launafólki en þeim sem lifa af fjármagnstekjum eða uppsöfnuðu fjármagni. Í niðurskurðarkerfum eru aðeins fá skattþrep, lítil framsækni, auknir neysluskattar, mjög lágir erfðaskattar, mjög lágir fyrirtækjaskattar o.s.frv.

Vandi samfélagsins – lausnir kapítalisma

Vaxtahækkanir koma svo fram, þannig að þeir sem hafa peninga geta grætt meira með því að lána þá til fólksins sem verður að taka lán með háum vöxtum til að komast af eins og er að raungerast núna. Þetta bitnar mest á fólki sem er með hærri húsnæðislán og hærri kreditkortaskuldir. Í þessu kapítalíska kerfi missir fólk vinnuna þegar hagkerfið hægir á sér. Ég tek fram að ég veit að hér á landi er mjög hátt atvinnustig, en áhrif vaxtahækkana leiða á endanum til enn meiri samdráttar og uppsagna á vinnumarkaði, hagfræðingar vita þetta vel. Samdráttur þýðir að fólk missir vinnuna, og aftur, þetta er dæmigert fyrir kapítalísk kerfi. Það sem við teljum vera vandamál er atvinnuleysi, óstöðugleiki og fátækt, en þetta kapítalíska kerfi lítur á það sem lausnir til að viðhalda kerfinu því meira atvinnuleysi þýðir meiri aga á launafólki. Síðan höfum við iðnaðarniðurskurðinn, einkavæðingu, afregluvæðingu vinnuréttinda, árásir á stéttarfélög o.s.frv.,“ segir Clara og lemur fingrum í borðið til að leggja áherslu á orð sín.

Svo er það kapítalísk skipan sem er öll fyrir einkavæðingu á þjóðarauðlindum?
- Já!
- Engar undantekningar?
- Nei!, segir Clara ákveðin á svip.

Fyrrverandi ríkisskattstjóri hér á landi, Indriði H. Þorláksson, hefur bent á í greinaflokki um skattasniðgöngu þeirra sem nýta sjávarauðlindirnar, að milljarðar íslenskra króna eru fluttir til aflandsfélaga á meðan stjórnmálin líta undan. Eru þetta einfaldlega venjulegir viðskiptahættir kapítalismans?

„Já,“ segir Clara og bætir við: „Og þetta er raunveruleg mæling sem sýnir þér að þegar niðurskurður á sér stað snýst allt um að safna auðlindum á fáar hendur. Þú sérð t.d. staðreyndirnar hér á landi í eftirfarandi dæmi: 0,1 prósent Íslendinga, sem samanstanda af 242 fjölskyldum, juku eignir sínar um 28

“

Vaxtahækkanir koma svo fram, þannig að þeir sem hafa peninga geta grætt meira með því að lána þá til fólksins sem verður að taka lán með háum vöxtum til að komast af eins og er að raungerast núna. Þetta bitnar mest á fólki sem er með hærri húsnæðislán og hærri kreditkortaskuldir. Í þessu kapítalíska kerfi missir fólk vinnuna þegar hagkerfið hægir á sér.

milljarða króna frá 2022 til loka 2023. Augljóslega er mest af þessu fengið með nýtingu náttúruauðlinda og er um að ræða náttúrulegt einokunarkerfi. Ef þú ræður yfir þessum tegundum auðlinda þá er mjög auðvelt að sækja meira fé – innkomu“ (sjá Ríkasta 0,1 prósent landsmanna eignaðist 28 nýja milljarða í fyrra eftir Þórð Snæ Júlíusson, fyrrv. ritstjóra Heimildarinnar).

Að aflýðræðisvæða efnahaginn er að aflýðræðisvæða samfélagið

Það eru mörg dæmi um það og þekkt í sögunni, bæði hér á landi og erlendis, þegar pólitískar stefnur kapítalismans koma inn í kerfi grasrótarhreyfinga eins og stéttarfélög og reyna að brjóta þau niður innan frá og taka þau yfir. Ættu grasrótarhreyfingar að vera á varðbergi fyrir pólitískum stefnum kapítalisma og niðurskurðar sem vinna að því að taka yfir stjórn ríkja og t.d. stéttarfélaga til að ryðja leiðina áfram fyrir kapítalískt stjórnkerfi?

„Þetta er góður punktur og ég held að hann sé nauðsynlegt að ræða. Í einföldum heimi skoðanaskipta fólks höfum við tilhneigingu til að halda að það sé eigindlegur munur á fasisma og frjálslyndum þingræðisríkjum, en þegar bent er á niðurskurðinn kemur í ljós að það er miklu meiri samfella þar á milli en við höldum. Svarið er já. Grasrótarhreyfingar þurfa að vera vakandi. Staðreyndin er sú að hagkerfið okkar, kapítalisminn, kýs minna lýðræði. Þannig að leiðin til að aflýðræðisvæða efnahaginn er að aflýðræðisvæða samfélagið, grasrótarhreyfingar fólks, ekki síst verkalýðsfélög sem tala röddum launafólks. Þannig virkar kapítalíska kerfið þegar efnahagslífið er ekki lýðræðislegt. Maður hugsar til þeirrar staðreyndar að fjármagnið verður til vegna virðisaukningar frá vinnuaflinu, ekki öfugt. Síðan versnar þetta þegar örhagfræðistefnur þurfa að vera ólýðræðislegar, annars myndi fólk trufla fjármagnssöfnunina ef um lýðræðislegar stefnur væri að ræða. En eins og þú veist, þú getur náð fram þessari sömu niðurskurðarstefnu með harðari stefnu sem þá er kölluð fasísk en hefur sömu afleiðingar fyrir fólk; pólitískt ofbeldi, fangelsanir stjórnarandstöðunnar, bann við verkföllum og að banna stéttarfélög.

„Grasrótarhreyfingar þurfa að vera vakandi. Staðreyndin er sú að hagkerfið okkar, kapítalisminn, kýs minna lýðræði. Þannig að leiðin til að aflýðræðisvæða efnahaginn er að aflýðræðisvæða samfélagið, grasrótarhreyfingar fólks, ekki síst verkalýðsfélög sem tala röddum launafólks. Þannig virkar kapítalíska kerfið þegar efnahagslífið er ekki lýðræðislegt.“

Að þessu sögðu er annað heilt litróf af aðferðum til ná fram fasískri stefnu. Þú getur gert þetta með því að stofna sjálfstæðan seðlabanka, setja jafnvægi fjárlaga í stefnuskrá og skapa fleiri leiðir, eins og þú bendir á, til að brjóta niður andstöðu. Ég myndi segja að þetta séu leiðir til að aflýðræðisvæða hagkerfið og þær eru allar mjög vel virkar til varðveislu kapítalíska kerfisins,“ segir Clara og brosir.

Örhagfræðistefnur vísa til aðgerða og stefnu stjórnvalda sem miða að því að hafa áhrif á tiltekna geira, atvinnugreinar eða markaði innan hagkerfisins. Ólíkt þjóðhagfræðistefnum, sem fjalla um hagkerfið í heild (eins og verðbólgu, atvinnuleysi og hagvöxt) einbeita örhagfræðistefnur sér að einstökum þáttum hagkerfisins, eins og fyrirtækjum, neytendum og vinnumarkaði.

Niðurskurðarstefnunni beitt í skjóli frjálslyndis

Í bók þinni heldurðu því fram að niðurskurður sé miðlægur í kapítalíska kerfinu. Hvernig tengjast núverandi andrök þessari kenningu sem þú heldur fram um niðurskurð?

„Já, þetta er mikilvægt að ræða. Niðurskurður er stöðugt í virkni. Ég myndi halda því fram að niðurskurður sé varanlegur á öllum stigum kapítalismans og kapítalískra hagkerfa. Augnablikið þegar niðurskurðurinn kemur skýrast fram er þegar hann þarf að verja frjálslynd tengsl sem mest – að ekki megi skerða frelsi til athafna. Ég á við, þegar verkalýðsfélög vinnandi fólks eru betur skipulögð og krefjast réttindabóta er eftirfarandi alveg ljóst; því meira sem vinnumarkaðurinn hitnar, því hærri verða vextir og því meira eru ríkisútgjöld skorin niður til að hafa aga á launafólki. Málið er sögulega séð þannig, að þegar kröfur um efnahagslegt lýðræði verða háværari, er niðurskurðarstefna rétta vopnið til að þagga niður í kröfunum. Almennt er niðurskurður að miklum hluta innleiddur með örhagfræðistefnum sem eru reknar undir merkjum kapítalismans. Það er mjög áhugavert að í löndum eins og Íslandi er heilbrigðiskerfið betra en víða annars staðar, vegna þess að launafólk hefur alltaf barist gegn rökfræði niðurskurðarkapítalismans um niðurskurð til þess kerfis. Kapítalískt kerfi finnur sér þá samt venjulega aðrar leiðir til að fénýta almenning í heilbrigðiskerfinu í gegnum einkavæðingu.

> “
>
> Þegar við skiljum að efnahagslífið er pólitískt, skiljum við um leið að efnahagskerfið sem við búum við er í grunninn byggt upp af samfélaginu, að hagkerfið er við, að fólkið myndar hagkerfið og að launafólk er uppspretta verðmætanna. [...] Án niðurskurðar myndi þetta kapítalíska kerfi hrynja vegna þess að fólk hefði meiri tíma og rými til að krefjast betri réttinda og íhuga aðra valkosti.

Til að draga þetta saman, þá er niðurskurður í erfðamengi (DNA) kapítalismans, og þegar hann er ekki virkur er það vegna pólitískrar andstöðu sem kemur frá fólkinu sjálfu. Stéttarfélög og grasrótarhreyfingar eru öflug leið til að mótmæla rökfræði niðurskurðarstefnunnar sem annars myndi ráða ríkjum.“

Launafólk taki á sig launalækkanir til að bjarga hagvextinum

Þú segir í bók þinni að grundvöllur niðurskurðarstefnunnar sé sá að launafólk þurfi að sætta sig við launalækkanir til að bjarga hagvexti. Er þetta ekki áróður?

„Ég held að spurningin um efnahagsvöxt sé ekki endilega rétta spurningin sem fólk ætti að spyrja sjálft sig. Efnahagsvöxtur hylur hvernig auði er dreift og hvernig hann er í rauninni framleiddur. Þú getur sagt að hagkerfið vaxi, en undanfarið höfum við séð efnahagsvöxt sem ekki bætir á neinn hátt lífsskilyrði fólks. Við getum ekki gengið út frá því sem vísu að efnahagsvöxtur þýði endilega að lífskjör fólks batni, alls ekki. Reyndar höfum við nýlega séð aðskilnað efnahagsvaxtar frá framförum í ójöfnuði og kerfisbundinni fátækt.

Ég myndi segja, að undir kapítalisma er stór hluti þess hvernig einkafjárfestar halda áfram að fjárfesta, og á vissan hátt stuðla að fjármagnssöfnun í gegnum launalækkanir. Síðan hefur kerfið tilhneigingu til að lækka launakostnað. Það er gert annaðhvort með því að auka kröfur um framleiðni, sérstaklega í opinbera þjónustugeiranum þar sem lausnirnar eru kröfur um aukið vinnuálag, lengri vinnudaga eða að þrýsta kerfisbundið niður launum. Allt eru þetta mismunandi leiðir til að auka arðrán vinnandi fólks í kapítalískri skipan. Þetta er auðvitað það sem Marx sagði okkur mjög skýrt um hvernig arðrán á launafólki virkar í kapítalisma, sem mun sannarlega aldrei leiða til góðs, hvorki fyrir kapítalismann né vinnandi fólk.

Því er meginboðskapurinn sá að kapítalismi virkar ekki fyrir fólkið. Það er mjög áhugavert að velferðarkerfin hafa ekki orðið til fyrir þökk kapítalismans, heldur þrátt fyrir hann, sem þýðir að það hefur verið barist fyrir þeim innan hins pólitíska kerfis.“

Þurfum að skilja að efnahagslífið er pólitískt

En er þetta töpuð barátta nú þegar kapítalíska kerfið virðist hafa yfirtekið það pólitíska?

„Já, sko, ég held að það séu röng skilaboð, að ef við hættum að trúa klassískum hagfræðingum sem koma til að segja okkur að hagkerfið sé hlutlægt fyrirbæri með sitt sjálfstæða svið, sé aðskilið frá stjórnmálum og eilíft, þá erum við að gangast við þeirri gölluðu hugmyndafræði sem hún í rauninni er. Þegar við skiljum að efnahagslífið er pólitískt, skiljum við um leið að efnahagskerfið sem við búum við er í grunninn byggt upp af samfélaginu, að hagkerfið er við, að fólkið myndar hagkerfið og að launafólk er uppspretta verðmætanna. Þessi staðreynd er valdeflandi, þegar maður áttar sig á að kerfinu hefur verið stillt

upp á þennan hátt. Án niðurskurðar myndi þetta kapítalíska kerfi hrynja vegna þess að fólk hefði meiri tíma og rými til að krefjast betri réttinda og íhuga aðra valkosti.

Ég ítreka, þetta eru valdeflandi skilaboð og alls ekki töpuð barátta fyrir almenning. Reyndar eru leiðtogarnir í þessu kapítalíska kerfi hræddir við að tapa þessari baráttu. Í þessu

„Ég á við, þegar verkalýðsfélög vinnandi fólks eru betur skipulögð og krefjast réttindabóta er eftirfarandi alveg ljóst; því meira sem vinnumarkaðurinn hitnar, því hærri verða vextir og því meira eru rikisútgjöld skorin niður til að hafa aga á launafólki.“

sambandi skipta tölur máli og þegar þú skoðar þá staðreynd að meirihluti íbúa heimsins er algjörlega kúgaður af kapítalísku kerfi og almenningur þarf að rísa upp og benda á að þetta sé hvorki náttúrulegt né heilagt kerfi, heldur bara tiltekið kerfi sem við erum í, þá getum við breytt því saman,“ segir Clara og steytir fram hnefann.

Markaðsháð hagkerfi þrengir það sem er mögulegt að gera

Að varðveita eða auka kaupmáttinn á sama tíma og t.d. framboð á íbúðarhúsnæði er aukið án þess að það kyndi undir verðbólgu virðist flókin jafnvægislist sem krefst samhæfingar í efnahagsstefnunni. Er það ekki einungis pólitískt úrlausnarefni?

„Jú einmitt, ég held að þú sért að benda á kjarna málsins, þar sem það eru svo margar minna augljósar leiðir [örhagfræðistefnur] til að sækja fjármagnið frá vinnandi stéttum sem standa undir þjóðarframleiðslunni. Að auka skattlagningu er ein þeirra og það eru stjórnmálin sem ákveða það. Það áhugaverða í þessu sem þú spyrð um er að húsnæðisverð ætti fræðilega að lækka vegna lögmáls um framboð og eftirspurn. En síðan er málið að hagkerfið okkar á í erfiðleikum þegar kaupmáttur fólks eykst, ekki satt? Þetta er bláköld staðreynd sem við þurfum að horfast í augu við.

Annað þessu tengt. Það sem ég reyni að útskýra fyrir nemendum mínum er að það eru tilteknar pólitískar og efnahagslegar takmarkanir – pólitík og efnahagsmál fara alltaf saman – sem skilgreina það sem er mögulegt að framkvæma í kerfi kapítalismans. Til dæmis getur kapítalískt ríki ekki einfaldlega veitt öllum borgurum lágmarksframfærslu, ekki vegna þess að það sé ekki fjárhagslega mögulegt, heldur vegna þess að það myndi kollvarpa því hvernig við höfum byggt upp verðmætasköpun. Ef ríkið gefur öllum lágmarksframfærslu myndu tengsl launasambands og verðmætasköpunar hrynja, því fólk þyrfti ekki að vinna fyrir launum. Það eru því skýrar takmarkanir á hvað kapítalísk kerfi geta gert.

Á sama hátt fylgja því vandamál að auka kaupmátt undir kapítalisma því það gæti haft neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuð. Ef innflutningur er of mikill getur gjaldmiðillinn fallið í verði, sem leiðir til aukinnar skuldsetningar, sérstaklega erlendra skulda. Þetta sýnir hvernig markaðsháð hagkerfi þrengir það sem er mögulegt að gera. Að þessu sögðu er samt hægt að hugsa þetta með öðrum hætti. Þú getur sett upp verðþök á hámarksverð eða forgangsraðað kaupmættinum. Þú getur líka innleitt fjármagnshöft, sem sögulega hafa gert mörgum löndum kleift að þróast með því að koma í veg fyrir að auðmenn flytji einfaldlega auð sinn úr landi. Það eru fjölmargar aðgerðir sem stjórnvöld gætu gripið til. Hins vegar myndu margar þessara aðgerða rekast á rökfræði eða skipulag núverandi efnahagskerfis, sem gæti leitt til pólitískra átaka. Þú getur samt fylgt þeim, vitandi að þú munt ögra því sem venjulega er talið framkvæmanlegt.

Það þýðir þó ekki að það sé ómögulegt – það þýðir einfaldlega að þú efast um grundvallaratriði hagkerfisins okkar með því að forgangsraða þörfum fram yfir hagnað. Þetta gæti leitt til nýrra efnahagslegra aðferða hvernig eigi að reka samfélagið á lýðræðislegri hátt. Vandinn við aðgerðir eins þessar er að þær gætu raskað hefðbundnum efnahagslegum forsendum, en eins og sagan sýnir voru slíkar aðgerðir framkvæmdar í seinni heimsstyrjöldinni, og þær stjórnmálavæddu efnahagskerfið. Fólk fór að spyrja dýpri grundvallarspurninga um stjórn efnahagsmála.

Fyrir valdakerfið er þetta hættulegt því það getur leitt til umfangsmeiri efnahagslegra kerfisbreytinga. Hins vegar, í ljósi þeirra áskorana sem við stöndum frammi fyrir í dag, auknu ofbeldi um allan heim, sérstaklega í Palestínu, og einnig hvað varðar loftslagskrísuna, er mikilvægt að borgaralegt samfélag taki þátt í að krefjast nýrra leiða til að skipuleggja stjórn efnahagsmála og samfélagið í heild.

Þetta er ekki óhlutbundin hugsun eða óraunveruleiki – þetta eru raunveruleg og nauðsynleg áskorunarefni,“ segir Clara E. Mattei og rýkur út á næsta fund upp í Háskóla Íslands með Sameykishúfu á höfði. ■

Niðurskurðarstefnan og

Eftir Indriða H. Þorláksson

Það er viðurkennd aðferð við stjórn efnahagsmála að beita ríkisfjármálum til að hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu. Hún getur falist í hækkun sem lækkun tekna og gjalda en reyndin er að hún hefur fyrst og fremst verið notuð með lækkun útgjalda eða skatta en síður með hækkun skatta og gjalda. Sú tegund ríkisfjármálastefnu hefur verið nefnd „niðurskurðarstefna“ og er það sem prófessor Clara Mattei ályktar um.

Í viðtalinu við hana á síðunum hér framar í *Tímariti Sameykis* kemur fram að hún telur að niðurskurðarstefnan þjóni ekki einungis markmiði í ríkisfjármálum heldur sé jafnframt aðferð til að styrkja tök fjármagnseigenda á félagslegum þáttum efnahagslífsins og auka agavald þeirra á vinnumarkaði. Einhliða áhersla á niðurskurð gjalda til aðhalds í ríkisfjármálum í stað hækkunar tekna hefur einnig sætt gagnrýni frá fræðilegu sjónarmiði.

Niðurskurður og kreppur

Sú kenning blómstraði um síðustu aldamót að mikill niðurskurður ríkisútgjalda í kreppu leiddi til kröftugs hagvaxtar síðar og var hún m.a. hluti af vopnabúri AGS í stuðningi hans við aðildarríki. Kom það m.a. fram í stuðningsáætlun AGS við Ísland í hruninu en segja má að svo einhliða túlkun hafi verið lögð til hliðar litlu síðar. Áætlanir sjóðsins og íslenskra stjórnvalda haustið 2008 gerðu nánast eingöngu ráð fyrir niðurskurði útgjalda til að vinna á halla ríkissjóðs en eftir ríkisstjórnarskiptin í ársbyrjun 2009 var breytt um stefnu og gert ráð fyrir að um eða yfir helmingi hallans yrði mætt með auknum tekjum auk þess sem meira fé yrði varið í félagslegar aðgerðir, m.a. auknar vaxtabætur og barnabætur. Var það gert með samþykki sjóðsins og skilaði góðum árangri. Hagvöxtur óx fyrr og halli ríkissjóðs minnkaði hraðar en fyrri áætlanir AGS höfðu gert ráð fyrir.

Auðvelt er að benda á önnur tilvik þar sem vikið hefur verið frá kreddufestu í þessum efnum með góðum árangri. Stór hluti endurreisnar Obama-stjórnarinnar í BNA eftir kreppuna 2008 var aukin útgjöld, framlög til uppbyggingar samgönguinnviða svo og aukinn framfærslustuðningur. Í Evrópu ríkti þá fastheldni í ríkisfjármálum sem talið er að hafi seinkað endurreisn efnahagslífs þar. Aðgerðir Biden-stjórnarinnar eftir Covid-áfallið í BNA var einnig að miklu leyti falið í útgjöldum, fjárfestingarhvötum í loftslagsmálum o.fl. Þær aðgerðir þóttu skila nokkuð góðum árangri en hagvöxtur í Evrópu hefur verið dræmur.

Þrátt fyrir sterk fræðileg mótrök og augljós dæmi um lítinn árangur lifir trúin á niðurskurð víða góðu lífi. Fastheldni við hana í Þýskalandi og andstaða þar við að auka tekjur ríkisins stendur þar nú í vegi fyrir virkri efnahagspólitík og hefur það áhrif víðar um álfuna. Hér á landi hafa þessi sömu viðhorf ráðið ferðinni síðan 2013. Litið er á viðbrögðin við Covid og eldgosum sem tímabundin frávik en ríkisfjármálaáætlunin hefur eftir sem áður það að höfuðmarkmiði að skera ríkisútgjöld niður um 2–3% af VLF. Með því er byrðin af þessum áföllum lögð á herðar launafólks og notenda opinberrar þjónustu.

Margt í þróun þessara mála á síðustu árum styður kenningar Mattei. Einhliða niðurskurði hefur fyrst og fremst verið beitt af ríkisstjórnum flokka sem hafa hagsmuni fjármagns og fyrirtækja að leiðarljósi. Með niðurskurði opinberrar starfsemi verður umfang einkafyrirtækja meira, framboð á vinnuafli fyrir þau eykst og staða þeirra á vinnumarkaði verður sterkari. Hluti launa í VLF lækkar en hluti fjármagns vex.

“

Margt í þróun þessara mála á síðustu árum styður kenningar Mattei. Einhliða niðurskurði hefur fyrst og fremst verið beitt af ríkisstjórnum flokka sem hafa hagsmuni fjármagns og fyrirtækja að leiðarljósi. Með niðurskurði opinberrar starfsemi verður umfang einkafyrirtækja meira, framboð á vinnuafli fyrir þau eykst og staða þeirra á vinnumarkaði verður sterkari. Hluti launa í VLF lækkar en hluti fjármagns vex.

g viðtal við Clöru Mattei

Hagvöxtur og samneysla

Kenning niðurskurðarsinna er að með því að skerða opinbera starfsemi aukist umsvif einkarekstrar og hagvöxtur aukist. Þeir líta fram hjá þeirri mikilsverðu staðreynd að eftirspurn almennings, og reyndar atvinnuveganna líka, eftir þjónustu á markaði annars vegar og opinberri þjónustu hins vegar hefur breyst í tímans rás í takt við aukna framleiðni og hagsæld.

Hlutur hins opinbera í VLF hefur á síðustu 100 árum vaxið frá því að vera innan við 20% um 1920 upp í um og yfir 50% í flestum ríkjum Vesturlanda. Þessi hækkun er ekki tilviljun og er ekki komin til vegna pólitískra duttlunga heldur vegna þess að æ fleiri verkefni í nútímasamfélagi eru þess eðlis að þau verða ekki leyst á frjálsum markaði. Aukin framleiðsla vöru og þjónustu vegna tæknilegra framfara, meiri framleiðni, skilvirkara skipulags og auðveldari viðskipta milli landa hefur náð því að svara að mestu eftirspurn til að uppfylla brýnustu þarfir til lífsviðurværis en samhliða hefur eftirspurn vaxið eftir gæðum sem ekki eru í boði á markaði eða ekki er á færi markaðsaðila að veita. Má í því samhengi nefna heilbrigðisþjónustu, framfærsluöryggi, menntun, öryggismál, rannsóknir og vísindi o.m.fl. Eftirspurn eftir opinberri þjónustu hefur vaxið umfram eftirspurn eftir vörum og þjónustu á markaði. Við það bætast lýðfræðilegar breytingar. Framfarir í heilbrigðisvísindum og félagsleg þróun hafa aukið álagið á mörg hinna opinberu kerfa og saman veldur það aukinni hlutdeild hins opinbera í verðmætasköpun og VLF.

Niðurskurðarstefna er því ekki einungis lóð á vogarskál ójöfnuðar. Hún verður líka til þess að ríkið verður ekki í stakk búið til að veita þá þjónustu sem fólkið í landinu vill fá og nauðsynleg er fyrir framfarir og hagsæld til lengri tíma. Stjórnvöld með forpokuð viðhorf til samfélagsins og þarfa þess hafa látið úreltar kennisetningar ráða gerðum sínum í stað þess að horfa til raunveruleikans og leggja mat á alla kosti með hagsmuni heildarinnar í huga.

Þekking og skilningur margra stjórnmálamanna, einkum í flokkum á hægri væng stjórnmála, á þessari félagslegu og hagfræðilegu þróun er takmarkaður. Þeir virðast ekki skilja samhengi skatta og opinberrar þjónustu þegar þeir tuða síbylju sína um lækkun skatta og aðhald. Af ótta við upplýsta kjósendur sem krefjast betri þjónustu þora þeir ekki að nota hugtakið niðurskurður þótt inntakið sé hið sama. ■

Höfundur er hagfræðingur og fyrrv. ríkisskattstjóri

Forystumenn stjórnm tjá sig um opinbera g

Eftir Axel Jón Ellenarson

Við hjá Sameyki óskuðum eftir við formenn stjórnmálaflokkanna í aðdraganda alþingiskosninga að fjalla um hvernig þeir sjái fyrir sér opinbera grunnþjónustu með tilliti til starfa opinbers starfsfólks og hver áhersla flokkanna er á almannaþjónustuna. Eitt helsta baráttumál BSRB er að Ísland sé réttlátt samfélag sem byggir á jöfnuði. Bandalagið hefur ítrekað bent á að ójöfnuður hafi aukist hér á landi undanfarin ár, m.a. vegna aukinna fjármagnstekna, hækkandi eignaverðs og niðurskurðar til velferðarmála og opinberrar grunnþjónustu.

Þá báðum við þau um að fjalla um efnahagsmálin til að bregða ljósi á stefnu flokkanna í ljósi þess að heildarskattbyrði tekjulægstu hópa launafólks hefur aukist langmest samanborið við aðra hópa. Hægt er að lesa svör formanna og talsmanna flokkanna á eftirfarandi síðum tímaritsins og birtast þau í stafrófsröð eftir heiti stjórnmálaflokks. Þeir leiðtogar flokkanna sem leitað var til svöruðu kallinu nema Miðflokkurinn. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að ná eyrum formanns Miðflokksins bárust engin svör frá honum. ■

málaflokkanna
grunnþjónustu

Mannúð og mannvirðing

Eftir Ingu Sæland



Flokkur fólksins hefur ávallt sett mikla áherslu á mannúð og mannvirðingu. Við leggjum áherslu á að þessi gildi verði höfð að leiðarljósi í opinberri þjónustu, sem og í samskiptum hins opinbera við starfsfólk sitt. Við höfum ávallt sett velferð fólks í forgrunn í okkar stefnumótun. Varðandi opinbera þjónustu og störf opinbers starfsfólks leggur flokkurinn mikla áherslu á að tryggja gæði þjónustunnar og að hún sé aðgengileg öllum landsmönnum, óháð efnahag eða búsetu. Ljóst er að lykilþáttur í að tryggja gæði opinberrar þjónustu er að skapa gott vinnuumhverfi og góðar starfsaðstæður hjá opinberum starfsmönnum.

Við í Flokki fólksins lítum svo á að opinber þjónusta sé einn af hornsteinum samfélagsins og nauðsynleg til að tryggja jafnræði og velferð. Við viljum styrkja opinbera þjónustu með því að fjárfesta í þeim mikla mannauði sem finnst svo víða í því fólki sem vinnur fyrir bæði ríki og sveitarfélög og undirstofnanir þeirra. Það þarf að tryggja að hlustað sé á opinbera starfsmenn þegar þeir benda á hvaða hnökrar séu á starfsemi ríkisstofnana og hvað mætti gera betur. Það þarf jafnframt að koma í veg fyrir að stofnanir og verkefni séu lögð niður á óbeinan hátt með fjársvelti. Við verðum að veita fólki verkfæri til að sinna störfum sínum á skilvirkan hátt.

Við í Flokki fólksins viljum að ríkisfjármálin séu ábyrg og sjálfbær. Það verður að binda enda á halla ríkissjóðs. Það einfaldlega gengur ekki að reka ríkið með halla 9 ár í röð. En það er hægt að fara ýmsar leiðir til að ná því markmiði, sumar skynsamar, aðrar ekki. Við í Flokki fólksins viljum leggja niður gæluverkefnin og efla grunnþjónustuna. Styrkja þá þætti

> Við viljum styrkja opinbera þjónustu með því að fjárfesta í þeim mikla mannauði sem finnst svo víða í því fólki sem vinnur fyrir bæði ríki og sveitarfélög og undirstofnanir þeirra.

opinberrar þjónustu sem eru samfélaginu nauðsynlegir, en koma í veg fyrir sífelldar stefnubreytingar, starfshópaskipanir og styrkveitingar, sem koma rakleiðis úr pólitískum loforðum fráfarandi ríkisstjórnar. Við munum ekki skerða grunnþjónustu við borgarana. Við munum þess í stað forgangsraða fjármunum fyrir fólkið fyrst.

Með þessari stefnu vonast Flokkur fólksins til að byggja upp réttlátara og mannúðlegra samfélag þar sem velferð einstaklinga er sett í fyrirrúm og opinber þjónusta er burðarásinn í að tryggja gæði lífs fyrir alla. ■

Höfundur er formaður Flokks fólksins

Opinber störf

Eftir Sigurð Inga Jóhannsson

Grunnþjónusta er hornsteinn samfélagsins. Forsenda velferðar og stöðugleika er að opinber þjónusta sé aðgengileg og skilvirk, að allir óháð búsetu, uppruna, kyni, fötlun eða efnahag hafi jafnan aðgang að heilbrigðis- og velferðarþjónustu, að menntun sé án aðgreiningar, að löggæsla sé til staðar og félagsleg úrræði. Slíkt stuðlar að bættum lífsgæðum og er oft fyrsta skrefið í að tryggja velferð og öryggi einstaklinga. Góð opinber þjónusta eykur einnig traust í samfélaginu. Opinber þjónusta krefst fjárfestinga og útgjalda sem hafa áhrif á ríkissjóð, en hún stuðlar einnig að jöfnuði og styður við atvinnusköpun og hagvöxt.

Mannauðurinn

Hið opinbera hefur það meginhlutverk að standa undir nauðsynlegri grunnþjónustu sem við njótum öll daglega. Á bak við hverja þjónustu er starf og mannauðurinn er dýrmætasta auðlindin sem styðja þarf við. Án hans verður framþróunin engin. Þjálfun og endurmenntun eru nauðsynleg til að tryggja þekkingu og hæfni opinbers starfsfólks, svo hægt sé að mæta þörfum samfélagsins. Gervigreindin kemur nú inn á ógnarhraða og mun verða eðlilegur og ómissandi þáttur í þjónustunni á næstu árum.

Mikilvægi opinberra starfa

Engin tækni getur þó komið í stað mannlegrar greindar

> Opinber störf eru því stór breyta í efnahagslegu tilliti. Það er mikilvægt að fjárveitingar séu í samræmi við raunverulega þarfir samfélagsins og að fjármagnið sé nýtt sem best.

og því munu opinber störf áfram stuðla að stöðugleika á vinnumarkaði. Opinber störf halda uppi skólum landsins, heilbrigðis- og velferðarkerfinu, löggæslunni og tryggja traust mennta- og velferðarkerfi. Þau hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið. Í efnahagslægðinni sem fylgdi Covid-19 voru störf á vegum hins opinbera mikilvægt jafnvægistæki til að draga úr áhrifum samdráttar og voru sveiflujöfnun í hagkerfinu. Opinber störf eru því stór breyta í efnahagslegu tilliti. Það er mikilvægt að fjárveitingar séu í samræmi við raunverulegar þarfir samfélagsins og að fjármagnið sé nýtt sem best.

Bætt þjónusta

Áherslan þarf að vera á nýsköpun, stafrænar lausnir og endurmat ferla sem getur dregið úr sóun sé það til staðar. Það gildir um allan rekstur. Framsókn hefur lagt áherslu á að blandað rekstrarform henti í sumum tilvikum til að auka þjónustu við almenning. Gott dæmi um þetta er heilbrigðiskerfið sem er í fremstu röð hér á landi. Þar þarf áfram að vinna að lausnamiðuðum nálgunum. Í því sambandi þá má nefna að þjónustutengd fjármögnun verði innleidd í auknum mæli sem og tækifæri nýtt í ýmiss konar sérfræðiþjónustu, svo sem fjarheilbrigðisþjónustu. Þróun mannfjölda og aukin eftirspurn eftir velferðarþjónustu, einkum vegna fjölgunar eldra fólks, kallar á breytingar en mikilvægt er að hið opinbera standi vörð um nauðsynlega grunnþjónustu, og nýti möguleika til að auka skilvirkni með áherslu á hágæða þjónustu sem styður við velferð og öryggi. Þetta er ekki aðeins mikilvægt fyrir núverandi kynslóð heldur einnig fyrir komandi kynslóðir, þar sem góð opinber þjónusta er grundvöllur fyrir sjálfbærni og vöxt í íslensku samfélagi. ■

Höfundur er fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Framsóknarflokksins.

Náum framförum með uppbyggingu – ekki niðurrifi

Eftir Björn Leví Gunnarsson

Kannist þið við áróðurinn um fjölda opinberra starfsmanna sem hefur verið hávær á undanförnum misserum? Áróður um gríðarlega fjölgun opinberra starfsmanna á sama tíma og ýjað er að því að það sé einhvern veginn rosalega slæmt?

Ég hef aldrei skilið þann áróður því hvert sem ég horfi, út frá störfum mínum í fjárlaganefnd, þá virðist vera gríðarlegt álag í opinberri þjónustu: Skortur á starfsfólki í heilbrigðiskerfinu. Skortur á starfsfólki í menntakerfinu. Skortur á starfsfólki til þess að sinna lögbundnu eftirliti með samkeppnismarkaðnum, í sjávarútvegi, á byggingarmarkaði og svo mætti lengi telja. Kvartað er yfir því hversu lengi þarf að bíða eftir ýmiss konar úrskurðum eða ákvörðunum frá hinu opinbera – en samt má ekki ráða fólk til þess að sinna þeim verkefnum?

Hvernig gengur þetta upp? Að kvartað sé undan verkefnaálagi annars vegar og hins vegar kvartað undan því að það sé of mikið af starfsfólki að sinna verkefnunum? Er ekki einhver hræsni í því?

Virðist vera um viljandi vanmat að ræða

Píratar hafa lengi gagnrýnt fjárlög fráfarandi ríkisstjórnar í þessu samhengi. Að það sé ekki skýrt hvort fjárlög dugi til þess að sinna lögbundnum verkefnum. Til dæmis eru lög um fullnustu refsinga ekki uppfyllt – það vantar fangaverði og þjónustu til þess að farið sé eftir lágmarkskröfum þeirra laga. Við vitum einnig að Landhelgisgæslan getur ekki sinnt öllum þeim verkefnum sem hún er skuldbundin til þess að sinna. Við vitum að lögreglan, umboðsmaður Alþingis, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun og fjölmargar aðrar stofnanir eru of fáliðaðar til þess að sinna þeim verkefnum sem lög kveða á um.

Það er einföld staðreynd að þau lög sem Alþingi hefur samþykkt á undanförnum árum hafa ítrekað verið vanmetin að umfangi. Þetta á sérstaklega við um lög vegna farsældar barna og þjónustu við fatlað fólk sem munu kosta ríkissjóð margfalda milljarða á við kostnaðarmat laganna sjálfra – með tilheyrandi álagi á fjárhag sveitarfélaga. Það er ekki annað að sjá á þeim lögum en að um viljandi vanmat sé að ræða.

> “
>
> Við verðum að vinna heiðarlega að því að sinna lögbundnum verkefnum og til þess að gera það þá þurfum við að fjármagna lögbundna þjónustu – í þágu þeirra sem þurfa á henni að halda.

Reykjavíkurborg benti meðal annars á stóraukinn kostnað vegna laganna um þjónustu við fatlað fólk með kostnaðarmati sem hefur staðist miðað við þróun á raunkostnaði.

Opinber stjórnsýsla verði rekin af fagfólki

Við Píratar viljum alls ekki starfa með þessum hætti. Við verðum að vinna heiðarlega að því að sinna lögbundnum verkefnum og til þess að gera það þá þurfum við að fjármagna lögbundna þjónustu – í þágu þeirra sem þurfa á henni að halda.

Píratar vilja einnig efla nýsköpun innan opinberrar þjónustu svo það sé svigrúm til þess að gera meira og betur í staðinn

fyrir að setja flatan niðurskurð á allar stofnanir til þess að neyða þær í hagræðingaraðgerðir. Náum framförum með uppbyggingu en ekki niðurrifi.

Píratar hafa lagt fram tillögu um sáttmála vegna þeirra starfa sem sinna grunnstoðum samfélagsins. Þar þarf akkeri vinnumarkaðsins að vera – í sátt um sanngjörn laun fyrir þau mikilvægu störf sem sinna grunnstoðunum. Það er einfalt efnahagsmál sem stuðlar að stöðugleika í hagkerfinu og jafnvægi á launamarkaði. Við viljum að opinber stjórnsýsla sé rekin af fagfólki en ekki pólitískt skipuðum hagsmunaaðilum.

Berum virðingu fyrir faglegri vinnu. ■

Höfundur er þingmaður Pírata

Sterk almannaþjónusta er grundvöllur góðs samfélags

Eftir Kristrúnu Frostadóttur

Í kosningunum þann 30. nóvember stendur valið milli ólíkra stjórnmálahreyfinga og sýnar á samfélagið: Annars vegar þeirra sem líta á opinbera þjónustu og ríkisrekstur sem illa nauðsyn, og hins vegar þeirra sem telja að sterk almannaþjónusta á vegum ríkis og sveitarfélaga sé órjúfanlegur hlekkur í verðmætasköpun samfélagsins.

Við í Samfylkingunni teljum að einhver besta lífskjarabót sem hægt er að hugsa sér felist í sterkri heilbrigðisþjónustu og öruggu aðgengi að henni um allt land. Þess vegna höfum við sett fram heildstæða áætlun um Örugg skref í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Þar leggjum við áherslu á að á næstu tíu árum verði öllum Íslendingum tryggður fastur heimilislæknir og heimilisteymi,

> Raunar hefur þetta verið rauður þráður í vinnubrögðum fráfarandi ríkisstjórnar í velferðarmálum: Kostnaði við grunnþjónustu er velt yfir á sveitarfélög og óvissu viðhaldið um hvar fjárhagsleg og fagleg ábyrgð skuli liggja. Þetta er kostnaðarsamt fyrir samfélagið allt.

að ráðist verði í þjóðarátak í umönnun eldra fólks með eflingu heimaþjónustu og fjölgun hjúkrunarrýma og sambýla, og að stoðþjónusta við heilbrigðisstarfsfólk verði styrkt til muna.

Samfylkingin leggur líka áherslu á almannaöryggi og sterka löggæslu. Þess vegna höfum við gagnrýnt ríkisstjórnina harðlega fyrir að halda Landhelgisgæslu Íslands, lögreglunni og refsivörslukerfinu í fjársvelti. Það er óboðleg staða að í dag séu að jafnaði 20 almennir lögreglumenn að störfum á hverjum degi á höfuðborgarsvæðinu. Það er sami fjöldi og var eingöngu í Reykjavík árið 2007. Íbúum svæðisins hefur á sama tíma fjölgað um meira en 50 þúsund og fjöldi ferðamanna sem sækir landið heim hefur rúmlega fjórfaldast á 15 árum.

Það er líka óboðleg staða að menn sem hafa verið dæmdir fyrir glæpi gangi lausir án refsingar vegna þess að það er ekki pláss í fangelsum landsins. Þá hafa fjölmiðlar fjallað um hryllilegar afleiðingar af skorti á úrræðum vegna manna sem lokið hafa afplánun í fangelsi en eru taldir hættulegir sjálfum sér og öðrum.

Það er óboðleg staða að ríkið hafi fært þjónustu við fatlað fólk yfir til sveitarfélaga fyrir 13 árum án þess að hafa nokkru sinni tryggt fulla fjármögnun þjónustunnar. Í Reykjavík einni og sér hefur kostnaður við þessa lögbundnu þjónustu verið 48 milljörðum króna meiri en tekjur á þessu tímabili og þrátt fyrir að viðbótarfjármagn hafi verið fært til málaflokksins á síðustu árum á enn eftir að fjármagna ríflega þriðjung af hallanum. Þessi vanfjármögnun hefur bein áhrif á aðstæðurnar sem starfsfólki eru sniðnar.

Kostnaði við grunnþjónustu velt yfir á sveitarfélögin

Sami vandi hefur verið uppi í þjónustu við börn með fjölþættan vanda þar sem ríkt hefur áralangt reiptog milli ríkis og sveitarfélaga. Raunar hefur þetta verið rauður þráður í vinnubrögðum fráfarandi ríkisstjórnar í velferðarmálum: Kostnaði við grunnþjónustu er velt yfir á sveitarfélög og óvissu viðhaldið um hvar fjárhagsleg og fagleg ábyrgð skuli liggja. Þetta er kostnaðarsamt fyrir samfélagið allt.

Það er mikið í húfi í alþingiskosningunum þann 30. nóvember. Næsta ríkisstjórn verður að vera skipuð flokkum og fólki sem lítur ekki á hið opinbera sem einhvers konar byrði heldur hefur metnað til að styrkja almannaþjónustu og beita ríkisvaldinu til að bæta líf okkar allra ■

Höfundur er formaður Samfylkingarinnar, jafnaðarflokks Íslands

Framfarir í umhverfi hins opinbera

Eftir Bjarna Benediktsson

Það hefur margt gengið vel síðustu ár. Hagkerfið okkar hefur vaxið og dafnað þannig að kaupmáttur hefur aukist um fimm- til áttfalt hraðar en á hinum Norðurlöndunum. Aukningin hefur skilað sér tiltölulega jafnt til launafólks eftir mörkuðum miðað við þróun launavísitölu. Þessi þróun gerist ekki sjálfkrafa. Atvinnulífið hefur dafnað vel og þar skipta nýjar stoðir útflutnings miklu máli. Frá 2019 hefur til að mynda um helmingur vaxtar í útflutningi komið úr greinum á borð við lyfjaiðnað og fiskeldi, eða með öðrum orðum frá annarri starfsemi en rótgrónari greinum eins og stóriðju, ferðaþjónustu og sjávarútvegi.

Vandinn er mikil verðbólga og háir vextir

Þrálát verðbólga og óásættanlegt vaxtastig hefur hins vegar verið mikil áraun fyrir landsmenn. Þó kaupmáttur hafi vaxið stöðugt þá er einfaldlega óásættanlegt til lengdar að greiða 10% húsnæðisvexti. Þess vegna hefur baráttan gegn verðbólgu verið forgangsmál. Verðbólga mælist nú 5,1% en stóð í 7,9% fyrir ári síðan. Allar spár benda til frekari hjöðnunar næstu mánuði og þess vegna getum við verið bjartsýn um að vextir haldi áfram að lækka samhliða því. Þetta er stærsta hagsmunamál íslenskra heimila og fyrirtækja, og við megum ekki raska áframhaldandi árangri.

Forsendur kjarasamninga eru forsendur stöðugleika

Þegar kjarasamningar voru undirritaðir á almennum vinnumarkaði í vor lagði ríkisstjórnin fram myndarlegan aðgerðapakka til að styðja við markmið þeirra. Kjarasamningarnir voru enda til þess fallnir að styðja við minnkandi verðbólgu og þar af leiðandi lækkun vaxta. Til að það takist þurfa forsendur kjarasamninga og þess merkis sem þeir senda að halda fyrir vinnumarkaðinn í heild sinni. Eða eins og Guðmundur Jaki sagði við undirritun þjóðarsáttarinnar: „Það þýðir ekki að keyra áfram einhverjir sérhópar upp yfir aðra. Þá er þetta hrunið og það hrynur yfir þá hina sömu.“

Jöfnun launa, jöfnun kjara

Mikil vinna hefur átt sér stað í jöfnun launa milli markaða og í fyrra náðist áfangasamkomulag í þeim efnum. Það á þó stundum til að gleymast að horfa verður á kjör í heild sinni, ekki heildarlaun eða grunnlaun án alls samhengis. Taka verður tillit til þess að almennt eru orlof, uppsagnarvernd og önnur réttindi ríkari á opinberum vinnumarkaði. Við jöfnun kjaranna eru því sömuleiðis tækifæri til að skapa sveigjanleika í rekstri hins opinbera sem eykur skilvirkni, nýsköpun og stuðlar að betri kjörum starfsfólks til lengri tíma. Þannig mætti líka auðvelda ungu fólki framgang og tryggja að hæfileikar allra nýtist sem best.

> Við verðum þess vegna að nýta tækifærin til að bæta opinberan rekstur, taka tækninni opnum örmum og auka skilvirkni hvar sem hægt er.

Snýst allt um góða þjónustu

Áskoranir í opinberum rekstri eru margar og fara síst minnkandi eftir því sem þjóðin eldist. Við verðum þess vegna að nýta tækifærin til að bæta opinberan rekstur, taka tækninni opnum örmum og auka skilvirkni hvar sem hægt er. Við sem störfum hjá hinu opinbera erum fyrst og síðast í þjónustuhlutverki við fólkið í landinu. Störf okkar, rekstrarform og fyrirkomulag eiga þess vegna umfram allt að snúast um þetta: Hvernig veitum við betri þjónustu? ■

Höfundur er forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins

Opinber þjónusta er ekki markaðsvara

Eftir Unni Rán Reynisdóttur

Eitt af því sem einkennt hefur norræn velferðarsamfélög er hátt hlutfall opinberra starfa. Þorri þessara starfa snýr beinlínis að grunnstoðum samfélagsins. Sósíalistaflokkurinn leggur áherslu á að þessar stoðir séu ekki markaðsvara, krafan sé ekki um arðbærni heldur að öll þjónusta sem lýtur að heilsu, öryggi og velferð fólks, andlegri sem líkamlegri, skuli vera gjaldfrjáls og rekin af opinberum aðilum eða óhagnaðardrifnum félagslegum samtökum, ef það á við. Það sama á við um almenningssamgöngur, menntun á öllum skólastigum og frístundir barna. Þessar grunnstoðir skulu allar félagsvæddar, þannig að okkur sé gert kleift að lifa frjáls frá heilsuspillandi aðstæðum, fjárhagskvíða og afkomuótta.

Samspil tekna, starfsaðstæðna og heilsu starfsfólks

Fjarvera vegna veikinda er mun meiri í opinbera geiranum heldur en hjá einkareknum fyrirtækjum, það segir okkur að bæta þarf starfsumhverfi þeirra sem þar starfa. Mikið álag er á starfsfólki og endurskoða þarf starfsaðstæður opinberra vinnustaða í heild, þetta eiga að vera aðlaðandi vinnustaðir. Einn liður í því er að greiða fólki mannsæmandi laun. Ljóst er að kjör hafa áhrif á félagslega stöðu fólks, t.a.m. hafa launatekjur áhrif á veikindatíðni. Sé litið til svars við fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokksins, árið 2021, um hlutfall veikinda starfsfólks hjá Reykjavíkurborg eftir launatekjum, má

sjá samspil tekna og veikinda síðustu ára. Ef meðalheildarlaun voru yfir 550 þúsund krónur á mánuði voru færri veikindadagar en hjá þeim sem höfðu lægri heildarlaun. Starfsfólk á ætíð að hafa áhrif á starfsþróun og umbætur innan sinna vinnustaða,

> Útvistanir leiða eingöngu til lægri launa, verra starfsumhverfis sem og verri þjónustu. Í leiðinni þarf að tryggja að bæði starfsaðstæður og kjör opinberra starfsmanna séu góð.

ekki gengur að láta stjórnmálafólk skipuleggja slíkt umhverfi ef það hefur aldrei eða sjaldan komið nálægt slíkri starfsemi. Það gildir jafnt um skólakerfi, heilbrigðiskerfi, löggæslu, félagsþjónustu eða hvaða opinberu þjónustu sem hugsast getur.

Afnemum láglaunastefnu hins opinbera

Nauðsynlegt er að nægt fjármagn sé tryggt til þeirra stofnana sem halda uppi opinberri þjónustu. Sósíalistaflokkurinn leggur ríka áherslu á að láglaunastefna verði lögð af í rekstri ríkis og sveitarfélaga. Allri útvistun skuli hætt, þannig að starfsfólk vinni beint fyrir hið opinbera. Útvistanir leiða eingöngu til lægri launa, verra starfsumhverfis sem og verri þjónustu. Í leiðinni þarf að tryggja að bæði starfsaðstæður og kjör opinberra starfsmanna séu góð. Í stefnu Sósíalistaflokks Íslands segir m.a.: „Að hæstu laun séu aldrei hærri en þreföld lægstu laun innan hins opinbera.“ Þar er ekki átt við að verið sé að ráðast í stórfelldar launalækkanir í öllum opinbera geiranum. Það þarf að lyfta upp lægstu launum til að fólk geti lifað mannsæmandi lífi. Laun séu aldrei svo lág eða skert að það dansi á viðmiðunarmörkum fátæktar. Til að efla þessar grunnstoðir landsins er nauðsynlegt að skattleggja fjármagnstekjur, nú er það hópurinn sem á mest sem kemst upp með að borga ekki útsvar til sveitarfélaga til að mynda því þeirra tekjur koma inn sem fjármagnstekjur, þannig greiðir þessi hópur ekkert inn í ýmsa opinbera þjónustu, s.s. leik- og grunnskóla, sundlaugar o.fl. Auðlindir landsins t.d. sjávarútvegur o.fl. skapa gífurleg auðæfi, sem samfélagið í heild sinni á að njóta mun meira góðs af. Sósíalisminn vinnur gegn þessu ójafnvægi í skattlagningu og arðsemi samfélagsins. Þannig er hægt að bæta kjör opinberra starfsmanna ásamt vinnuaðstæðum þeirra og bjóða upp á gjaldfrjálsa grunnþjónustu við samfélagið á sama tíma. ■

Höfundur skipar 1. sæti á lista Sósíalistaflokksins í komandi alþingiskosningum, hún er hársnyrtimeistari og kennari

Öflugt velferðarsamfélag hvílir á sterkum opinberum innviðum

Eftir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur

Við Íslendingar lifum í mikilli návist við kynngimagnaða náttúru. Mörg höfum við upplifað veðurháska og jafnvel slys tengd náttúruöflum, og sú reynsla dregur fram hversu ómetanlegt starf er unnið hjá vísindafólkinu okkar við að sjá fyrir og vara við háska. Þetta er lítið dæmi um ómetanlegt framlag opinberra starfsmanna í okkar landi en dæmin eru fleiri. Þeir eru óteljandi kennararnir sem breyta lífum nemenda sinna, fólkið í umönnunarstörfum sem dimmu í dagsljós breytir og viðbragðsfólkið okkar sem hleypur að hættu sem við hin hlaupum frá.

Ég heyri í samtölum mínum við fólk í opinberri þjónustu að þeim finnist umræðan oft neikvæð gagnvart þeim og sárnar, skiljanlega, sú orðræða. Mér finnst tímabært að snúa þessu við og byrja að tala upp þá sem skara fram úr í að veita landsmönnum frábæra opinbera þjónustu.

Á hverju ári eru í Bandaríkjunum veitt verðlaun sem heita „The Sammies“ (eða „Samuel J. Heyman Service to America Medals“). Þau eru veitt bandarískum opinberum starfsmönnum sem hafa sýnt framúrskarandi hæfni, frumkvæði og samfélagslega þýðingu

> Við vitum líka sem er að opinberir starfsmenn eiga sífellt erfiðara að ná endum saman í þeirri spilaborg vaxta og verðbólgu sem okkur hefur verið boðið upp á á undanförnum árum.

í starfi sínu. Verðlaunin draga fram mikilvægi þessara starfa og það áhrifamikla framlag sem opinberir starfsmenn leggja til samfélagsins. Mér finnst þetta fallegt framtak og eitthvað sem við eigum að taka okkur til fyrirmyndar. Að hampa fólkinu sem skapar þær fallegu grunnstoðir sem samfélagið okkar og atvinnulífið byggir á. Við heyrum stundum stjórnmálamenn halda því fram að það sé einungis atvinnulífið sem skapi verðmæti en þá gleymir viðkomandi einu: Án opinberra innviða og þjónustu þá er ekkert umhverfi til staðar til þess að skapa verðmæti. Viðreisn vill sjá lifandi stjórnsýslu, þar sem frumkvæði og sveigjanleiki eru hluti af

menningunni. Þetta er nauðsynlegt til að mæta áskorunum nútíðar og ekki síður framtíðar. Markmið okkar er að einfalda stjórnsýslu og innleiða nýsköpun til að bæta þjónustu við almenning og minnka jafnframt álag á starfsfólk.

Þannig sköpum við umhverfi þar sem opinberir starfsmenn geta nýtt sína krafta og þekkingu í að veita þjónustu en ekki í skriffinnsku og óþarfa umstang. Við vitum líka sem er að opinberir starfsmenn eiga sífellt erfiðara að ná endum saman í þeirri spilaborg vaxta og verðbólgu sem okkur hefur verið boðið upp á á undanförnum árum. Þeim hópi er ekki hægt að bjóða betri kjarabót en hagstæðari kjör af íbúðaláninu.

Þá er það einnig vel þekkt að álag á opinbera starfsmenn er oft gríðarmikið og eru þeir í áhættuhópi að missa úr vinnu vegna andlegra veikinda. Þetta er áhyggjuefni og höfum við í Viðreisn sett geðheilbrigðismál í sérstakan forgang. Hlutverk okkar sem vinnum í stjórnmálum gagnvart opinberum starfsmönnum er að tryggja þeim umhverfi þar sem þeir geta unnið störf sín á sem bestan hátt. Þegar opinberir starfsmenn búa við gott starfsumhverfi, hafa tækifæri til starfsþróunar, eru í skapandi umhverfi og njóta sanngjarnra kjara þá skilar það sér í bættri þjónustu sem allir njóta góðs af. Það er leið Viðreisnar! ■

Höfundur er formaður Viðreisnar.

Stöndum vörð um almannaþjónustuna

Eftir Svandísi Svavarsdóttur

Öflug almannaþjónusta er grundvöllur góðs samfélags. Hún er forsenda blómlegs atvinnulífs og rennir styrkum stoðum undir innviði samfélagsins. Það er nánast sama hvaða mælikvarði er valinn; efnahagslegir mælikvarðar, velsældarmælikvarðar, svokölluð samkeppnishæfni, lönd þar sem almannaþjónustan er öflug og sterk tróna á toppnum. Það er ekki tilviljun, það er einfaldlega góð pólitík, réttar áherslur sem skapa góð samfélög. VG leggja áherslu á öfluga almannaþjónustu.

Því miður er umræðunni um þessi mál stundum snúið á hvolf og því haldið fram að það sé einkageirinn einn sem búi til verðmætin, og ef fjármagnseigendur hafa fengið nóg þá megi af náð og miskunn deila út til launafólks og svo mögulega greiða til samfélagsins í sameiginleg verkefni, en þó með semingi. Talað er niður til heilu stéttanna, stétta sem starfa í opinberri þjónustu, og ýjað að því að opinberum störfum ætti helst að fækka eins og kostur er. Umræða um báknið og um að of mörg vinni hjá hinu opinbera snýst í raun um atlögu að samfélagsinnviðum og þeirri samfélagsgerð sem leggur áherslu á að velferð, menntun og heilbrigðisþjónusta eigi að standa öllum til boða óháð efnahag. Slík umræða vegur að jöfnuði í samfélaginu.

Almannaþjónustan er samfélagið

Í stefnu VG segir að hlutverk opinberrar þjónustu, mennta- og velferðarkerfisins í að stuðla að jöfnuði og félagslegu réttlæti sé mikilvægt. Tryggja skuli jafnan aðgang að þeirri þjónustu og að gæði hennar séu mikil, og að meginstefnu skuli almannaþjónusta vera á hendi hins opinbera og aldrei í hagnaðarskyni. Þetta eru atriði sem skipta grundvallarmáli – því almannaþjónustan er samfélagið og samfélagið gerir atvinnulífinu kleift að starfa.

Hinn svokallaði frjálsi markaður gleymir því stundum að opinber þjónusta getur ekki valið sig frá verkefnum, Við hættum ekki bara að slökkva elda, sinna sjúkum og slösuðum, sinna börnum, öldruðum, mennta þjóðir og rannsaka og vakta veður, náttúruvá og vistkerfi. Það getur einkageirinn gert, hann bara ákveður að hætta verkefnum ef þau eru flókin eða erfið eða skila ekki hagnaðinum, gróðanum sem lagt var upp með. Almannaþjónustan tekur á öllu hinu, öllu því fjölmarga sem er of mikilvægt til að láta hinn svokallaða markað leysa. Almannaþjónustan er það sem heldur samfélaginu saman.

“

Því miður er umræðunni um þessi mál stundum snúið á hvolf og því haldið fram að það sé einkageirinn einn sem búi til verðmætin, og ef fjármagnseigendur hafa fengið nóg þá megi af náð og miskunn deila út til launafólks og svo mögulega greiða til samfélagsins í sameiginleg verkefni, en þó með semingi.

Virðismat skiptir máli

Í þessu samhengi skiptir virðismat starfa líka máli. Samfélagið metur störf kvenna ekki til jafns við karla, hvorki innan vinnumarkaðarins né utan, og það veldur því að launamunur kynjanna er enn staðreynd hér á landi. Störf, sem sinnt er í meirihluta af konum, eru í mörgum tilvikum störf í opinberri þjónustu og þau störf eru ekki metin að verðleikum. Það er virðismat sem þarf að endurskoða svo jafnrétti verði náð.

Þegar öllu er á botninn hvolft snýst viðhorf okkar til opinberrar þjónustu um í hvernig samfélagi við viljum búa. VG leggja áherslu á samfélag með öfluga almannaþjónustu, almannaþjónustu sem myndar grundvöll samfélagsins. Samfélag þar sem við fáum öll tækifæri til að blómstra og enginn er skilinn eftir. Fyrir það stöndum við í VG. ■

Höfundur er formaður VG.

Súkkulaðimús með franskættaðri vanillusósu

Eftir Harald Jónasson

Fátt er betra en að fela sig fyrir stórfjölskyldunni með smá súkkulaði til að seðja sárustu sætutönnina. Dökk súkkulaðimús með vanillukremi er svo næsta borð þar fyrir ofan. Best að borða í einrúmi – helst í myrku herbergi.

Súkkulaðimús er gjarnan flokkuð sem barnaeftirréttur. Þessi mús á þó meira skylt við súkkulaðisósu heldur en súkkulaðibúðing úr poka. Ofan á búðinginn er svo sett vanillukrem og ofan á það kemur svo piparkökumulningur. Svona rétt til að brjóta upp áferðina og öskra inn jólin.

Jólamús

Til að gera þessa mús þarf að þeyta saman eggjarauður og sykur yfir vatnsbaði. Vatnsbað er útbúið þannig að rétt rúmlega botnfylli af vatni er sett í lítinn pott og yfir pottinn fer skál úr gleri eða stáli sem ekki snertir vatnsyfirborðið. Hráefnið fer ofan í skálina. Passa að hræra eggin stöðugt svo þau breytist ekki í hrærð egg. Hræra þangað til blandan sirka tvöfaldast að rúmmáli. Þá fer súkkulaðið út í. Þegar súkkulaðið hefur bráðnað saman við eggjablönduna fer smá rjómadreitill út í ásamt vanilludropum, 30 ml eða svo.

Súkkulaðimús
Súkkulaði (50% kakó) 150 gr.
Rjómi 150 ml. (30ml/120ml)
Eggjarauður 4 stk. (meðalstór egg)
Vanilludropar 1 msk.
Salt ¼ tsk.

Þegar hér er komið sögu er um að gera að leika sér örlítið með hversu fullorðins þessi mús á að vera. Hægt að bæta nokkrum dropum af kaffi eða skipta vanillunni út fyrir jólalegan líkjör. Næst er að þeyta rjóma í skál og blanda saman rólega við súkkulaðiblönduna. Gott að blanda saman 1/4 af rjómanum fyrst til að kæla blönduna og gera hana meðfærilegri. Þá fer restin af rjómanum út í, varlega til að halda músinni léttri.

Setja músina í skál eða glös og setja inn í kæliskáp. Gott að geyma í kæli í minnst tvo tíma. Hægt að gera daginn áður.

Enskur rjómi

Í franska eldhúsinu kallast vanillusósa af einhverjum ástæðum enskur rjómi, Crème Anglaise. Rjóminn sá er látinn þykkna með því að hita vanilluleginn rjóma og eggjarauður upp í nákvæmlega 82 gráður á celsíus. Sá fransk/enski er þó full þunnfljótandi og því er gott að þykkja sósuna örlítið með maísmjöli.

Hita rjómabland að suðu. Ekki sjóða og alls ekki brenna við. Ef það er til vanillustöng á heimilinu fer hún út í blönduna á þessu stigi. Skafa fræin úr belgnum og skutla bæði þeim og stönginni sjálfri út í rjómablandið.

Á meðan blandan hitnar eru eggjarauður léttþeyttar saman við sykur. Þegar eggin eru orðin ljós og samhangandi er maísmjölið hrært saman við. Næst þarf að blanda saman heitum vökvanum og eggjahrærunni. Ef notaður var vanillubelgur þarf að sigta hann frá.
Til að koma í veg fyrir að eggin hlaupi í kekki þarf að tempra þau. Það er gert með því að hræra slettu eða tveimur af heitu rjómablandinu saman við eggjablönduna. Þegar rjómamjólkin og eggin eru búin að samlagast fer sú blanda út í pottinn með rjómablandinu heita.

Vanillusósa
250 ml Nýmjólk
250 ml matreiðslurjómi
Eggjarauður 4 stk. (meðalstór egg)
Sykur 60 gr.
Maísmjöl 1 msk.
Vanilludropar 1 msk. / vanillustöng 1 stk.

Hræra soppuna vel með písk og skipta svo yfir í sleif eða sleikju. Vanilludropar, mauk eða hvers kyns vanilluvörur aðrar en heill belgur fer hér út í pottinn. Hræra stöðugt í pottinum á miðlungs hita. Hreinsa botninn og alla króka og kima pottsins. Hér er gott að vera með sæmilega þykkan pott og ekki sakar, fyrir óvana, ef hann er húðaður með tefloni eða álíka óhollri húð. Hita blönduna þangað til hún byrjar að þykkna sæmilega án þess þó að sjóða.

Í uppskriftinni er notuð ein matskeið af maíssterkju en það má sleppa henni fyrir þynnri sósu og þá er gott að nota eingöngu rjóma. Nú eða auka maísmagnið örlítið fyrir extra þykka sósu. Þá er jafnvel hægt að komast upp með að nota bara bláa mjólk.

Kæla í að minnsta kosti tvo tíma en gott að gera sósuna í hádeginu ef það á að borða hana um kvöldið. Allt í lagi daginn áður en krafturinn úr vanillunni byrjar að dvína eftir 8 tíma eða svo.

Taka músina út hálftíma áður en hún er borin fram því hún getur verið svolítið þétt ísköld. Setja vanillukremið yfir rétt fyrir framburð og strá piparkökumylsnu yfir fyrir framan gestina – nú eða inni í bílskúr í felum fyrir fjölskyldunni. ■

Fleiri ljúffengar og skemmtilegar mataruppskriftir Hara má finna á vef Sameykis, sameyki.is/frettir/matargatid

Lausnir 3. tbl. 5. árgangs 2024

Krossgátulausn

				ÍÞRÓTT / SKRÁR		R	SÝKING / INNHORN	S		SKORAN	MIÐJA / FJÓTRAR	N
				SKERÐA / NAFN	T	A	K	M	A	R	K	A
				S	Ö	L	V	I	FUGL	Á	L	F
				BÆLI / ÞÍÐUR	F	L	E	T	ÓVILD / GOÐ-GLAÐUR	K	A	L
				H	L	Ý	R	TÆTT / TÓNLIST	R	I	F	I
				VAFSTUR	U	BÓMU / VIÐBÓT	K	R	A	N	A	SUMUR
ÁVÖXTUR	R	EFLDI	J	YFIR-BRAGÐ / ÞEFA	B	R	Á	ÁÞJÁN	O	K	NAUMUR / STINGA	R
M	E	L	Ó	N	A	HINDRUN / KÚLU	L	O	K	U	N	PRÓFTITILL / GÁ
	G	VERSLA / HÆÐ	K	A	U	P	A	BARN / AÐGÁT	K	R	Í	L
KOMAST / FORVIÐA	N	Á	GRÖN / RAUP	S	K	E	G	G		BEKKUR / HVÍLA	S	E
H	I	S	S	A	STAFUR	R	TIGNASTI / VATT	Æ	Ð	S	T	I
	Ð	KER	K	GÓMUL / SÚLD	E	L	S	T	SÉR-HLÍFINN / ÚT	L	A	T
NÆÐUÐ	UNGDÆMI	Á	R	Ú	Ð	U	N	N	I	A	MISKI / PIPR-AÐUR	A
K	Æ	M	U	Ð	GRAMSA	PRÍVAT	E	I	N	K	A	TVEIR EINS / ERINDI
EIN-ÞVERJIR	S	U	M	I	R	HITA	R	PLATA / KÆRT	N	A	R	R
ÍÞRÓTTA-FÉLAG	K	R	LAUGA	FJAND-MANNA	Ó	V	I	N	A	VÖGGU-LJÓÐ / ÁVINNA	G	Æ
	U	TANNA / GAP	B	Í	T	A	KÚGUN / FORAÐ	Á	N	A	U	Ð
SVIFÐYR / ÁÐATA	Á	T	A	JURT / BRÁÐ-NÆÐI	A	R	F	I	FARMUR / VERKFÆRI	F	R	A
G	R	Ó	Ð	A	AÐFERÐ	M	E	Ð	A	L		ÓTTAST
	MÁLMUR	M	A	N	G	A	N	HAG-VIRKUR	L	A	G	I

GLITRA							
T							
T							
I							
N							
D							
R							
A							
R							
T							
R							
I							
T							
I							
BAKATIL							
A							
L							
F							
Ð							
Ó							
A							
N							

Lausnarorðið er **Nábítur**

Sudoku-lausnir

4	2	9	7	8	5	6	3	1
8	3	1	4	6	9	7	2	5
5	6	7	1	2	3	4	9	8
6	9	3	2	5	1	8	7	4
2	5	8	9	4	7	3	1	6
7	1	4	8	3	6	9	5	2
1	7	6	5	9	8	2	4	3
3	4	5	6	7	2	1	8	9
9	8	2	3	1	4	5	6	7

Lausn létt

3	8	4	6	1	7	5	2	9
5	6	9	2	8	4	1	3	7
1	7	2	3	5	9	8	6	4
6	4	7	1	9	3	2	8	5
2	9	1	8	6	5	4	7	3
8	3	5	4	7	2	6	9	1
7	1	8	9	4	6	3	5	2
4	5	3	7	2	8	9	1	6
9	2	6	5	3	1	7	4	8

Lausn miðlungs

1	6	3	2	9	7	5	8	4
4	7	5	1	6	8	9	3	2
2	9	8	3	5	4	6	7	1
3	8	4	9	1	6	7	2	5
7	1	6	5	8	2	4	9	3
9	5	2	4	7	3	8	1	6
6	3	1	7	4	9	2	5	8
8	2	9	6	3	5	1	4	7
5	4	7	8	2	1	3	6	9

Lausn erfið

Sudoku-þraut

					2			7
	3					2		1
8				7		9	5	4
9				4				
	1		7				9	
5	8	3	9		1		4	
	5			9				3
	9					4	6	
	2	7	6			5	1	

Létt

					2		8	
	5	6				3	1	
		1	3	8				6
	3		7		6			
						1		9
7		9						
9								
				5	4			
	7	5	8	2			3	

Miðlungs

	9	3						
				1	7	9	5	
	8	7		4		2		
				8				4
	2						6	
		4			3	5	2	
2	3	9			6	8		
		8	9	2				
	4							

Erfið

Sudoku-þrautin felst í að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.



Vinningshafi krossgátunnar

Sigrún Thorlacius.

Sigrún Thorlacius var dregin út í lukkuhjólinu að þessu sinni. Lausnarorðið í krossgátunni í 3. tbl. 2024 var NÁBÍTUR. Sigrún er fædd árið 1968 og starfar í stjórnunarteymi í Húsdýragarðinum þar sem hún hefur gegnt ýmsum störfum þau 30 ár sem hún hefur verið þar að störfum. Sigrún segir að hún glími oft við að leysa krossgátur í Tímariti Sameykis og hefur áður sent inn lausnir, „en ég sendi alls ekki alltaf inn lausn," segir hún. „Þetta er skemmtilegt, ég komst í krossgátugírinn og leysti þessa krossgátu í einum rykk," segir Sigrún hlæjandi.

„Þetta er alveg geggjað, ég held að ég þiggi helgardvölina í orlofshúsum félagsins. Það er gaman að breyta um umhverfi og njóta þess að dvelja í orlofshúsi út í sveit. Takk fyrir mig. Þetta er mjög skemmtilegt að fá svona fréttir því það er eiginlega ekki mitt „forte" að freista gæfunnar í spilum," segir Sigrún.

Við hjá Sameyki óskum Sigrúnu til hamingju með vinninginn og óskum henni gæfu og gengis í störfum sínum hjá Reykjavíkurborg.

							LYF / ÁRÉTTA	EFLDU / KROPP		UMRÓT		SIGKETILL / UNGT		
														AURASÁL
					ÁHRIFAVALD / SKRÆLN-UÐUM					SAKLAUS / MYLUR				
									1		RINGUL-REIÐ / HLJÓTA			
					AFREK	2			BAKATIL / RISPA					
					TÍMABIL	VIÐBÓT		YFIRHÖFN				AFHENDA	RÍKI	
	FYRIR-GANGUR	ÁVALA	NAFN	SPYRNA							UMSTANG / TÆKI			
SLÍPIÓL / DYGGUR							KRYDD	HLJÓÐFÆRI / SKRAMBI						VARKÁRNI
				KÁETA / SULLAST	5					FEIKNA				
BRÁÐ-RÆÐI			HLJÓÐFÆRI / FLASKA							SÍFELLT / ÍÞRÓTT		3		
NÝR / BÆN						SJÚK-DÓMUR / DEIGJA			KLETTUR / SKOT					
					VIGT							LAKARI	TÆRA	
GÓLA	LOKA	ÞRÓTTUR / SJÁLF-STÆÐI			6			ÁTT			FALLEG / MÁLA-LEITUN			
					RÝR		NÍÐ / PÁRA							SKILJA EFTIR
SKJÁTA			BELLI-BRÖGÐ / SNÁÐI					FJÖL-BREYTNI		AFBRAGÐS / SPJALD				
LÉT / SKADDAST		4				TÓFTIR							ÁFANGI	
				ÁLIT					HLUT-TAKANDI	7				
SEGUL-BAND	FUGL / HVORT					DVALI						ÓGRYNNI / STÖÐUGT		
				ÞEFA					SKRÁ					
KYNSTUR						RÍKI								

Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. janúar næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (20.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félagsins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlega merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is

Óskum félagsfólki í Sameyki gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU